

**2012 nr. 70 29. júní****Lög um loftslagsmál**

**Tóku gildi 3. júlí 2012.** *EES-samningurinn:* XX. viðauki tilskipun 2003/87/EB, 2004/101/EB, 2008/101/EB og 2009/29/EB. *Breytt með* l. 141/2012 (tóku gildi 1. jan. 2013); *EES-samningurinn:* reglugerð 1193/2011, l. 157/2012 (tóku gildi 3. jan. 2013), l. 59/2013 (tóku gildi 1. júlí 2013), l. 25/2014 (tóku gildi 5. apríl 2014), l. 52/2014 (tóku gildi 31. maí 2014), l. 125/2014 (tóku gildi 31. des. 2014 nema 6., 8., 13.–18., 21.–25. og 29. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2015; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 30. gr.), l. 62/2015 (tóku gildi 18. júlí 2015), l. 125/2015 (tóku gildi 1. jan. 2016 nema 2., 4.–5., 8., 24., 31., 37., 45., 48.–52., 54.–55. og 57.–58. gr. sem tóku gildi 31. des. 2015 og a–d-liður 1. gr., 6.–7., 13. og 15. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2017; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 59. gr.), l. 60/2016 (tóku gildi 1. júlí 2016 nema 2. og 11. gr. sem tóku gildi 22. júní 2016), l. 126/2016 (tóku gildi 1. jan. 2017 nema 1., 2., c-liður 8., 9., 18., r-liður 19., 20., 22.–24., 28., 29., 41., 58., 60. og 61. gr. sem tóku gildi 31. des. 2016, s-liður 19. gr. sem tók gildi 1. apríl 2017 og 10. gr. sem tók gildi 1. sept. 2017; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 62. gr.), l. 45/2017 (tóku gildi 17. júní 2017; koma til framkvæmda skv. fyrirmælum í 5. gr.); *EES-samningurinn:* XIII. og XX. viðauki reglugerð 2015/757, l. 96/2017 (tóku gildi 31. des. 2017 nema 1., 11., 13., 14., 17.–27., 31.–35. og 38.–46. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2018; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 49. gr.), l. 14/2018 (tóku gildi 21. mars 2018), l. 138/2018 (tóku gildi 28. des. 2018 nema 1.–13., 17., 19., 23.–28. og 31. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2019; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 32. gr.) og l. 155/2018 (tóku gildi 10. jan. 2019).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **umhverfis- og auðlindaráðherra** eða **umhverfis- og auðlindaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**I. kafli. Almenn ákvæði.****■ 1. gr. Markmið.**

□ Markmið laga þessara eru:

- að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með hagkvæmum og skilvirkum hætti,
- að auka bindingu kolefnis úr andrúmslofti,
- að stuðla að aðlögun að afeiðingum loftslagsbreytinga, og
- að skapa skilyrði fyrir stjórnvöld til þess að standa við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum.

**■ 2. gr. Gildissvið.**

□ Lög þessi gilda um hvers konar starfsemi og athafnir á landi, í lofthelgi og efnahagslögsögu Íslands sem haft geta áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda. Lög þessi gilda einnig um flugstarfsemi sem felur í sér flugtak eða landingu á flugvöllum á yfirráðasvæði ríkja Evrópska efnahagssvæðisins, að því gefnu að viðkomandi flugrekandi lúti umsjón íslenska ríkisins samkvæmt lögum þessum.

**■ 3. gr. Skilgreiningar.**

□ Í lögum þessum er merking eftirfarandi orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Binding kolefnis úr andrúmslofti:* Fjarlæging frumefnisins kolefnis úr andrúmslofti með tilteknum aðgerðum sem auka ljóstíllffun, svo sem skógrækt og landgræðslu.

2. *Brennsla:* Oxun eldsneytis, óháð því hvernig varmi, raforka eða vélræn orka, sem myndast við ferlið, er notuð og önnur starfsemi sem tengist beint, þ.m.t. hreinsun úrgangslöfts.

3. *Eining:* Heimild til losunar gróðurhúsalofttegunda. Ein eining jafngildir heimild til losunar á einu tonni af koldíoxíðsgildi á tilteknu tímabili.

4. *Fjöldi losunarheimilda sem úthluta ber endurgjaldslaut vegna flugstarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu:* Sá fjöldi losunarheimilda sem samsvarar tilteknu hlutfalli af heildarfjölda losunarheimilda fyrir flugstarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu. Hlutfallið skal vera 85% á viðskiptatímabilinu 1. janúar 2012 til 31. desember 2012 en 82% á þeim viðskiptatímabilum sem eftir fylgja.

5. *Flugrekandi:* Aðili sem rekur loftfar og notar það til að stunda flugstarfsemi sem tilgreind er í II. viðauka eða, ef

aðilinn er óþekktur eða ekki tilgreindur af eiganda loftfars, eigandi loftfarsins.

6. *Flugrekandi í atvinnurekstri:* Flugrekandi sem býður almenningi, gegn greiðslu, áætlunarflug eða óreglubundið flug vegna flutninga á farþegum, vörum eða pósti.

7. *Framleiðslustig:* Tala sem lýsir framleiðslugetu starfsstöðvar eða starfsstöðvarhluta og lögð er til grundvallar við ákvörðun á úthlutun endurgjaldslausra losunarheimilda til nýrra þátttakenda í staðbundinni starfsemi.

[8. *Geymsla koldíoxíðs í jarðlögum:* Niðurdæling og geymsla koldíoxíðs neðanjarðar í jarðlögum.]<sup>1)</sup>

[9.]<sup>1)</sup> *Gróðurhúsalofttegundir:* Lofttegundir sem tilgreindar eru í III. viðauka.

[10.]<sup>1)</sup> *Heildarfjöldi losunarheimilda fyrir flugstarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu:* Sá fjöldi losunarheimilda sem gefinn er út til flugstarfsemi í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir á hverju viðskiptatímabili. Á viðskiptatímabilinu 1. janúar 2012 til 31. desember 2012 skal sá fjöldi jafngilda 97% af sögulegri losun frá flugstarfsemi. Á þeim viðskiptatímabilum sem eftir fylgja skal sá fjöldi jafngilda 95% af sögulegri losun frá flugstarfsemi margfaldað með fjölda ára í viðkomandi viðskiptatímabili.

[11.]<sup>1)</sup> *Heildarfjöldi losunarheimilda fyrir staðbundna starfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu:* Sá fjöldi losunarheimilda sem gefinn er út til staðbundinnar starfsemi í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir á hverju ári viðskiptatímabilsins 1. janúar 2013 til 31. desember 2020, leiðréttur samkvæmt stuðli fyrir línulegan samdrátt.

[12.]<sup>1)</sup> *Koldíoxíðsgildi:* Eitt tonn af koldíoxíðsgildi samsvarar einu tonni af koldíoxíði eða því magni gróðurhúsalofttegunda sem getið er í III. viðauka sem hefur sambærilegan hnatthlúnunarmátt.

[13.]<sup>1)</sup> *Kolefnisleki:* Það að starfsemi sem losar gróðurhúsalofttegundir flyst frá ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins vegna áhrifa sem beinn og óbeinn kostnaður viðkomandi rekstraraðila vegna viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir hefur á markaðsaðstæður hans.

[14.]<sup>1)</sup> *Landsstjórnandi:* Stjórnvald eða annar aðili sem ber ábyrgð fyrir hönd ríkis Evrópska efnahagssvæðisins á umsjón reikninga sem tilheyra viðkomandi ríki í skráningarkerfi með losunarheimildir.

[15.]<sup>1)</sup> *Losun gróðurhúsalofttegunda:* Útstreymi gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftið af mannavöldum.

[16.]<sup>1)</sup> *Losun sem tilheyrir ríki:* Losun frá flugstarfsemi sem tilgreind er í II. viðauka sem rekja má til:

a. flugs sem felur í sér flugtak frá flugvelli í viðkomandi ríki, eða

b. flugs sem felur í sér landingu á flugvelli í viðkomandi ríki þegar flogið er frá ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins.

[17.]<sup>1)</sup> *Losunarheimild:* Heimild til losunar gróðurhúsalofttegunda. Ein losunarheimild jafngildir heimild til losunar á einu tonni af koldíoxíðsgildi á tilteknu tímabili. Losunarheimild verður eingöngu nýtt til að efna kröfur þessara laga og skal vera framseljanleg í samræmi við ákvæði laganna.

[18.]<sup>1)</sup> *Losunarleyfi:* Leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda sem rekstraraðila ber að hafa til þess að geta stundað starfsemi sem getið er í I. viðauka og sótt um og fengið úthlutað losunarheimildum.

[19.]<sup>1)</sup> *Lögbært stjórnvald:* Stjórnvald sem ber ábyrgð á framkvæmd reglna um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

[[20.]<sup>1)</sup> *Miðlægur stjórnandi skráningarkerfisins*: Aðili sem er tilnefndur af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skv. 20. gr. tilskipunar 2003/87/EB, með síðari breytingum, til að hafa umsjón með starfrækslu skráningarkerfis Evrópusambandsins.]<sup>2)</sup>

[21.]<sup>1)</sup> *Nettólosun*: Losun gróðurhúsalofttegunda að frádreginni bindingu kolefnis úr andrúmslofti.

[22.]<sup>1)</sup> *Raforkuframleiðandi*: Starfsstöð sem hefur 1. janúar 2005 eða eftir þá dagsetningu framleitt raforku til sölu til þriðja aðila, og þar sem engin starfsemi sem getið er í I. viðauka fer fram, önnur en brensla eldsneytis.

[23.]<sup>1)</sup> *Rekstraraðili*: Aðili sem hefur starfsleyfi skv. 5. gr. a laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og starfrækir eða stjórnar starfsstöð eða ber fjárhagslega ábyrgð á tæknilegri virkni starfsstöðvar.

[24.]<sup>1)</sup> *Sjóður fyrir nýja þátttakendur í flugstarfsemi*: Sjóður sem hefur að geyma 3% af heildarfjölda losunarheimilda fyrir flugstarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu á viðskiptatímabilinu 1. janúar 2013 til 31. desember 2020 og á þeim viðskiptatímabilum sem eftir fylgja.

[25.]<sup>1)</sup> *Sjóður fyrir nýja þátttakendur í staðbundinni starfsemi*: Sjóður sem hefur að geyma 5% af heildarfjölda losunarheimilda fyrir staðbundna starfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu á viðskiptatímabilinu 1. janúar 2013 til 31. desember 2020.

[26.]<sup>1)</sup> *Starfsstöð*: Staðbundin tæknileg eining þar sem fram fer ein eða fleiri tegundir starfsemi sem getið er í I. viðauka og öll önnur starfsemi sem gæti haft áhrif á losun og mengun og tengist með beinum og tæknilegum hætti þeirri starfsemi sem fram fer á staðnum.

[27.]<sup>1)</sup> *Söguleg losun frá flugstarfsemi*: Meðaltal árlegrar losunar á almanaksárunum 2004, 2005 og 2006 frá flugrekendum á Evrópska efnahagssvæðinu sem annast flugstarfsemi sem tilgreind er í II. viðauka.

[28.]<sup>1)</sup> *Tonnkilómetrar*: Flugvegalengd margfölduð með þyngd farms. Með flugvegalengd er átt við stórbaugslengd milli brottfararflugvallar og komuflugvallar auk 95 km staðlaðrar viðbótar. Með þyngd farms er átt við samanlagða þyngd þess sem flutt er af farmi, pósti og farþegum.

[29.]<sup>1)</sup> *Umsjónarríki*: Ríki sem ber ábyrgð á framkvæmd reglna um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir gagnvart flugrekanda.

[30.]<sup>1)</sup> *Viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir*: Kerfi sem starfrækt er á Evrópska efnahagssvæðinu samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, með síðari breytingum, sbr. samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

[31.]<sup>1)</sup> *Viðskiptatímabil*: Tímabil, mælt í almanaksárum, sem notað er sem viðmiðun við ákvörðun á heildarfjölda losunarheimilda í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

[[32.]<sup>1)</sup> *Viðskiptavettvangur*: Marghliða viðskiptakerfi sem leiðir saman kaupendur og seljendur losunarheimilda.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 62/2015, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 141/2012, 1. gr.

#### ■ 4. gr. Yfirvöld.

□ Umhverfisstofnun fer með framkvæmd laga þessara og tekur þær stjórnvaldsákvæðanir sem henni er falið að taka í þeim. Stofnunin skal við framkvæmd laga þessara hafa samráð og samvinnu við önnur stjórnvöld eins og nánar er tilgreint í ákvæðum laganna. Umhverfisstofnun veitir einnig leiðbeiningar um framkvæmd laga þessara. Umhverfisstofnun er lögbært stjórnvald vegna viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir. Umhverfisstofnun er jafnframt lands-

stjórnandi vegna skráningarkerfis íslenska ríkisins, [sbr. VI. kafla].<sup>1)</sup>

□ Stjórnvaldsákvæðanir Umhverfisstofnunar skv. 8. gr. eru kærnanlegar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt þeim lögum sem um úrskurðarnefndina gilda. Aðrar stjórnvaldsákvæðanir Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum sem settar eru með stöð í þeim eru kærnanlegar til ráðherra. Að því leyti sem annað er ekki sérstaklega tilgreint í lögnum fer um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er kærur varðar samkvæmt stjórnsýslulögum.

<sup>1)</sup> L. 141/2012, 2. gr.

## II. kafli. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.

### ■ 5. gr. Aðgerðaáætlun.

□ Ráðherra . . . <sup>1)</sup> lætur gera aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Í aðgerðaáætluninni skal setja fram tillögur að aðgerðum til að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda hér á landi svo að stjórnvöld fái staðið við stefnu sína og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum. Í aðgerðaáætluninni skal koma fram mat á áætluðum kostnaði við framkvæmd aðgerðanna sem þar eru lagðar til.

□ Við gerð aðgerðaáætlunar skv. 1. mgr. skal litið til alþjóðlegra skuldbindinga Íslands og markmiða laga þessara. Þá skal við gerð aðgerðaáætlunarinnar hafa samráð við hagsmunaaðila. Aðgerðaáætlunina skal endurskoða og eftir atvikum uppfæra eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

□ Ráðherra skipar nefnd til að hafa umsjón með að áætluninni sé hrundið í framkvæmd, móta tillögur um ný verkfæri og veita ráðherra upplýsingar og ráðgjöf. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar. Eftirfarandi aðilar tilnefna einn nefndarmann hver: ráðherra sem fer með mál er varða stefnumótun og þróun stjórnsýslu ásamt samhæfingu ráðuneyta, ráðherra sem fer með mál er varða almennar fjárreiður ríkisins og fjármál, ráðherra sem fer með mál er varða iðnað, ráðherra sem fer með mál er varða samgöngur, ráðherra sem fer með mál er varða sjávarútveg, ráðherra sem fer með mál er varða landbúnað og Samband íslenskra sveitarfélaga. Tilnefningaraðilar bera kostnað hver af sínum fulltrúa í nefndinni.

□ Nefndin skal árlega skila skýrslu til ráðherra . . . <sup>1)</sup> þar sem fram kemur hvaða árangur hefur náðst, mat nefndarinnar á stöðunni og tillögur til úrbóta.

<sup>1)</sup> L. 157/2012, 25. gr.

## III. kafli. Losunarbókhald Íslands.

### ■ 6. gr. Losunarbókhald.

□ Umhverfisstofnun heldur bókhald yfir losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis úr andrúmslofti í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands á því sviði.

□ Eftirtaldir aðilar skulu taka saman upplýsingar sem krafist er vegna losunarbókhaldsins og skila þeim til Umhverfisstofnunar:

- [Landgræðslan]<sup>1)</sup> um landgræðslu.
- [Skógræktin]<sup>2)</sup> um skógrækt.
- Orkustofnun um orkumál.
- Landbúnaðarháskóli Íslands um landbúnað, landnotkun og breytta landnotkun.
- Matvælastofnun um fjölda og aldursskiptingu búfjár og áburðarnotkun.
- Hagstofa Íslands um innflutning og framleiðslu á vörum.

g. [Samgöngustofa]<sup>3)</sup> um skráningu, akstur, eldsneytiseyðslu og mengunarvarnabúnað ökutækja.

h. Úrvinnslusjóður um framleiðslu og innflutning á málningu og prentlitum.

i. Tollstjóri um inn- og útflutning á vörum.

□ Ráðherra . . . <sup>4)</sup> skal að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar setja reglugerð<sup>5)</sup> um skil á gögnum skv. 2. mgr., þar á meðal um form gagna og tímafrestí.

□ Umhverfisstofnun er heimilt að krefja stjórnvöld, stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga í atvinnurekstri um gögn og upplýsingar sem þeir búa yfir varðandi starfsemi sína, rekstur og innflutning á vörum og stofnunin þarfnast vegna losunarbókhalds samkvæmt þessari grein. Umhverfisstofnun skal haga gagnasöfnun sinni á þann hátt að fyrirhöfn upplýsingagjafa við að láta í té gögn sé hófleg. Hún skal leitast við að afla gagna úr stjórnsýsluskram og öðrum opinberum skram og gagnasöfnum þegar því verður við komið. Skyld er að veita Umhverfisstofnun upplýsingarnar á því formi sem hún óskar eftir eða um semst og innan þeirra tímamarka sem reglugerð skv. 3. mgr. kveður á um án þess að gjald komi fyrir. Umhverfisstofnun skal upplýsa í hvaða tilgangi gagna er aflað.

<sup>1)</sup> L. 155/2018, 28. gr. <sup>2)</sup> L. 60/2016, 17. gr. <sup>3)</sup> L. 59/2013, 40. gr. <sup>4)</sup> L. 157/2012, 25. gr. <sup>5)</sup> Rg. 520/2017.

#### IV. kafli. Losun gróðurhúsalofttegunda frá staðbundnum iðnaði og orkuframleiðslu.

##### ■ 7. gr. Viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

□ Kafli þessi gildir um rekstraraðila sem stunda starfsemi sem getið er í I. viðauka og heyrar þar með undir gildissvið viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir samkvæmt því sem kveðið er á um í lögum þessum.

##### ■ 8. gr. Losunarleyfi.

□ Rekstraraðilar sem stunda starfsemi sem getið er í I. viðauka skulu hafa losunarleyfi.

□ Sækja ber um losunarleyfi til Umhverfisstofnunar. Að því gefnu að allar tilskildar upplýsingar hafi borist skal Umhverfisstofnun gefa út losunarleyfi innan þriggja mánaða frá því að umsókn berst ef sýnt þykir að rekstraraðili sé fær um að vakta losun frá starfsstöð sinni og gefa um hana skýrslu skv. 3. mgr. 13. gr. Losunarleyfi skal gefið út fyrir hverja starfsstöð. Þó er heimilt að gefa út eitt losunarleyfi fyrir fleiri en eina starfsstöð sem staðsett er á sömu lóð og starfrækt er af sama rekstraraðila. Ákvörðun um útgáfu losunarleyfis skal auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

□ Í umsókn um losunarleyfi skal koma fram lýsing á eftirfarandi atriðum:

a. starfsstöð og starfsemi rekstraraðila, þar á meðal þeirri tækni sem notuð er,

b. hráefnum og hjálparefnum sem notuð eru í starfsemi og má ætla að valdi losun gróðurhúsalofttegunda,

c. uppsprettum gróðurhúsalofttegunda frá viðkomandi starfsstöð,

d. áætlun rekstraraðila um vöktun og skýrslugjöf um hana, sbr. 13. gr.

Umsóknin skal jafnframt hafa að geyma samantekt á almennum máli um þau atriði sem getið er í a–d-lið.

□ Í losunarleyfinu skal eftirfarandi koma fram:

a. nafn og heimilisfang rekstraraðila,

b. lýsing á starfsemi og losun frá henni,

c. skilyrði um vöktun, þ.m.t. aðferðafræði og tíðni vöktunar,

d. skilyrði um skýrsluskil,

e. ákvæði um skyldu til að skila losunarheimildum, öðrum en losunarheimildum sem gefnar eru út vegna flugstarfsemi.

□ Umhverfisstofnun skal eftir því sem mögulegt er leitast við að samræma málsmeðferð losunarleyfa og starfsleyfa samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

□ Endurskoða skal losunarleyfi eigi sjaldnar en á fimm ára fresti og gera á því breytingar ef þess er þörf. Umhverfisstofnun er heimilt að endurskoða losunarleyfi oftast vegna breyttra forsendna, svo sem ef losun af völdum starfseminnar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði losunarleyfis, vegna tækniþróunar eða vegna breytinga á lögum og reglugerðum er varða losunarleyfi. Endurskoða skal losunarleyfi ef verulegar breytingar verða á rekstri starfsstöðvar, svo sem ef starfsemi er lögð niður, tímabundið eða varanlega, eða [veruleg minnkun hefur orðið á framleiðslugetu].<sup>1)</sup> Umhverfisstofnun er heimilt að afturkalla losunarleyfi rekstraraðila ef forsendur þess breyta, svo sem ef endurskoðað mat á starfsemi rekstraraðila leiðir í ljós að starfsemi fellur ekki undir I. viðauka eða ef starfsemi er hætt.

□ Stjórnvaldsáskvarðanir Umhverfisstofnunar er varða losunarleyfi verða færðar til úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærur til nefndarinnar fer samkvæmt lögum sem um hana gilda.

□ Ráðherra skal setja í reglugerð<sup>2)</sup> nánari ákvæði um losunarleyfi, þ.m.t. um form og efni umsóknar og leyfis, breytingar á leyfi, handhöfn við aðilaskipti starfsemi, niðurfellingu leyfis þegar starfsemi er hætt eða forsendur leyfisins eru brostnar og málsmeðferð við veitingu leyfis. Í reglugerðinni skal mælt fyrir um hvað telst til verulegra breytinga á rekstri starfsstöðvar. Í reglugerðinni skal jafnframt gerð krafa um að vöktunaráætlun fylgi umsókn um losunarleyfi, sbr. 13. gr., og mælt fyrir um þau skilyrði sem hún þarf að uppfylla.

<sup>1)</sup> L. 141/2012, 3. gr. <sup>2)</sup> Rg. 70/2013, sbr. 823/2013.

##### ■ 9. gr. Skylda rekstraraðila til að standa skil á losunarheimildum.

□ Rekstraraðilar sem stunda starfsemi sem getið er í I. viðauka skulu fyrir 30. apríl ár hvert standa skil á losunarheimildum vegna losunar gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi á undangengnu almanaksári.

□ Fjöldi losunarheimilda sem rekstraraðila ber að standa skil á skal jafngilda heildarlosun á þeim gróðurhúsalofttegundum sem getið er í I. viðauka samkvæmt vottaðri skýrslu rekstraraðila, sbr. 3. mgr. 13. gr., eða áætlun Umhverfisstofnunar, sbr. 4. mgr. 13. gr.

□ Ef skýrsla sem berst eftir að Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um áætlun skv. 4. mgr. 13. gr. leiðir í ljós að losun frá starfsemi var meiri en áætlun Umhverfisstofnunar gerði ráð fyrir skal rekstraraðili standa skil á þeim fjölda losunarheimilda sem ber í milli.

□ Rekstraraðilum er heimilt að efna skyldur sínar skv. 1. mgr. með:

a. losunarheimildum sem úthlutað hefur verið af stjórnvöldum í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins til rekstraraðila staðbundinnar starfsemi sem heyrir undir gildissvið viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir, og

b. annars konar losunarheimildum eða einingum sem viðurkenndar hafa verið af ráðherra með reglugerð skv. 33. gr.

■ **10. gr.** *Skilyrði úthlutunar endurgjaldslausra losunarheimilda til rekstraraðila.*

□ Endurgjaldslausum losunarheimildum verður úthlutað til rekstraraðila vegna viðskiptatímabilsins 1. janúar 2013 til 31. desember 2020 fyrir starfsstöðvar þar sem fram fer starfsemi sem getið er í I. viðauka. Úthlutun samkvæmt þessari málsgrein skal byggjast á sögulegri starfsemi starfsstöðvarhluta sem skal margfölduð með árangursviðmiði staðbundinnar starfsemi fyrir viðkomandi starfsstöðvarhluta, sbr. þó leiðréttingarstuðla skv. 5. og 8. mgr. Heildarúthlutun vegna starfsstöðvar skal vera samanlögð úthlutun til viðkomandi starfsstöðvarhluta.

□ [Umhverfisstofnun tekur ákvörðun um úthlutun skv. 1. mgr. byggða á upplýsingum um sögulega starfsemi rekstraraðila og skiptingu viðkomandi starfsstöðva í starfsstöðvarhluta. Umhverfisstofnun skal tilkynna rekstraraðilum um fyrirhugaða ákvörðun með að minnsta kosti tveggja vikna fyrirvara og gefa rekstraraðilum kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Ákvörðunin er kæraneleg til ráðherra innan tveggja vikna frá því að hún er tekin.]<sup>1)</sup>

□ Söguleg starfsemi skv. 1. mgr. skal ákvörðuð út frá starfsemi á tímabilinu 1. janúar 2005 til 31. desember 2008 eða tímabilinu 1. janúar 2009 til 31. desember 2010, eftir því á hvoru tímabilinu starfsemin var meiri.

□ Árangursviðmið staðbundinnar starfsemi skv. 1. mgr. skal ákveðið fyrir hverja framleiðsluvöru sem tengist staðbundinni starfsemi sem getið er í I. viðauka. Árangursviðmið staðbundinnar starfsemi skal að meginstefnu til reiknað út fyrir vöru í stað aðfanga og skal að jafnaði miðast við meðalárangur þeirra fyrirtækja sem töldust meðal 10% hagkvæmstu fyrirtækja á Evrópska efnahagssvæðinu frá loftslagssjónarmiði í hverjum geira eða undirgeira á tímabilinu 1. janúar 2007 til 31. desember 2008, þ.e. losuðu minnst magn gróðurhúsalofttegunda á hverja framleiðslueiningu.

□ Úthlutun skv. 1. mgr. skal margfölduð með leiðréttingarstuðli kolefnisleka sem skal vera 0,8 árið 2013 og minnka jöfnum skrefum niður í 0,3 árið 2020. Leiðréttingarstuðull kolefnisleka skal þó vera 1 allt viðskiptatímabilið fyrir starfsemi sem hætt er við kolefnisleka.

□ Starfsemi telst hætt við kolefnisleka, sbr. 5. mgr., ef:

a. samanlagður beinn og óbeinn viðbótarkostnaður vegna viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir mundi leiða til verulegrar hækkunar á framleiðslukostnaði, eða um að minnsta kosti 5% af vergu vinnsluvirði, og

b. hlutfall milli annars vegar útflutningsvirðis viðskipta við ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins að viðbættu virði innflutnings frá þeim ríkjum og hins vegar heildarstærðar markaðarins á Evrópska efnahagssvæðinu (árlegrar heildarveltu að viðbættum heildarinnflutningi frá þriðju ríkjum) er herra en 10%.

□ Starfsemi telst þó einnig hætt við kolefnisleka, sbr. 5. mgr., ef:

a. samanlagður beinn og óbeinn viðbótarkostnaður vegna viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir mundi leiða til umtalsverðrar hækkunar á framleiðslukostnaði, eða um að minnsta kosti 30% af vergu vinnsluvirði, eða

b. hlutfall milli annars vegar útflutningsvirðis viðskipta við ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins að viðbættu virði innflutnings frá þeim ríkjum og hins vegar heildarstærðar markaðarins á Evrópska efnahagssvæðinu (árlegrar heildarveltu að viðbættum heildarinnflutningi frá þriðju ríkjum) er herra en 30%.

□ [Ef þörf er á skal lækka úthlutun til hvers rekstraraðila skv. 1. mgr. í samræmi við almennan leiðréttingarstuðul. Stuðullinn skal fundinn út með því að bera saman annars vegar heildarfjölda endurgjaldslausra losunarheimilda á Evrópska efnahagssvæðinu í samræmi við viðmið sem fram koma í 1. mgr., án þess að tillit sé tekið til leiðréttingarstuðuls kolefnisleka, og hins vegar árlegan hámarksfjölda endurgjaldslausra losunarheimilda fyrir staðbundna starfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu. Almennur leiðréttingarstuðull skal tryggja að fyrrnefndi fjöldinn sé ekki meiri en sá síðarnefndi. Heimilt er að endurskoða stuðullinn árlega í samræmi við þessa málsgrein.]<sup>1)</sup>

□ Árlegur hámarksfjöldi endurgjaldslausra losunarheimilda fyrir staðbundna starfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. 8. mgr., skal vera samtala eftirfarandi:

a. árlegs heildarfjölda losunarheimilda fyrir staðbundna starfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu sem margfaldaður er með hlutdeild starfsstöðva sem falla ekki undir 10. mgr. í heildarmagni vottaðrar losunar á tímabilinu 1. janúar 2005 til 31. desember 2007 frá starfsstöðvum sem féllu undir gildissvið viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2012, og

b. samanlagðrar árlegrar vottaðrar meðaltalslosunar á tímabilinu 1. janúar 2005 til 31. desember 2007 frá starfsstöðvum sem falla ekki undir 10. mgr. og falla fyrst undir gildissvið kerfisins frá árinu 2013.

□ Þrátt fyrir 1. mgr. skal engum losunarheimildum úthlutað endurgjaldslost til raforkuframleiðenda eða vegna fongunar og flutnings koldíoxíðs eða geymslu þess í jarðlögum.

□ Ráðherra skal setja reglugerð<sup>2)</sup> með nánari reglum um úthlutun losunarheimilda samkvæmt þessari grein. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um árangursviðmið staðbundinnar starfsemi fyrir hvern starfsstöðvarhluta, ákveðið hvaða starfsemi telst hætt við kolefnisleka og skilgreindur almennur leiðréttingarstuðull. Auk þess skal í reglugerðinni mælt fyrir um aðferðafræði við ákvörðun sögulegrar starfsemi, skiptingu starfsstöðva í starfsstöðvarhluta og annað er varðar útreikninga í tengslum við úthlutun endurgjaldslausra losunarheimilda. Heimilt er að setja mismunandi reglur um aðferðafræði í tengslum við úthlutun milli framleiðslugeira eftir því hvað hentar viðkomandi starfsemi og er tæknilega mögulegt.

<sup>1)</sup> L. 141/2012, 4. gr. <sup>2)</sup> Rg. 73/2013, sbr. 128/2014, 16/2015 og 908/2017.

■ **11. gr.** *Sjóður fyrir nýja þátttakendur í staðbundinni starfsemi.*

□ Endurgjaldslausum losunarheimildum verður úthlutað á viðskiptatímabilinu 1. janúar 2013 til 31. desember 2020 úr sjóði fyrir nýja þátttakendur í staðbundinni starfsemi fyrir starfsstöðvar þar sem fram fer starfsemi sem getið er í I. viðauka.

□ Nýr þátttakandi í staðbundinni starfsemi telst:

a. starfsstöð þar sem fer fram ein eða fleiri tegundir þeirrar starfsemi sem er tilgreind í I. viðauka og sem hefur fengið losunarleyfi í fyrsta skipti eftir 30. júní 2011, eða

b. starfsstöð þar sem fer fram ein eða fleiri tegundir þeirrar starfsemi sem er tilgreind í I. viðauka þar sem um er að ræða [verulega aukningu á framleiðslugetu]<sup>1)</sup> eftir 30. júní 2011, einungis að því er varðar þá [aukningu].<sup>1)</sup>

□ Nýir þátttakendur í staðbundinni starfsemi geta sótt um losunarheimildir úr sjóði skv. 1. mgr. til Umhverfisstofnunar eftir upphafsdag nýrrar starfsemi eða [aukningar á framleiðslugetu]<sup>1)</sup> og eftir að upphafsframleiðslugeta hefur verið skilgreind. Sækja þarf um úthlutun innan árs frá upphafsdegi

nýrrar starfsemi eða [aukningar á framleiðslugetu]<sup>1)</sup> viðkomandi starfsstöðvar eða starfsstöðvarhluta.

□ Umhverfisstofnun tekur ákvörðun um úthlutun skv. 1. mgr. byggða á framleiðslustigi starfsstöðvar eða starfsstöðvarhluta sem skal margfaldað með árangursviðmiði staðbundinnar starfsemi, sbr. 4. mgr. 10. gr., leiðréttingarstuðli kolefnisleka, sbr. 5. mgr. 10. gr., og stuðli fyrir línulegan samdrátt. Umhverfisstofnun skal tilkynna umsækjanda um fyrirhugaða ákvörðun með að minnsta kosti tveggja vikna fyrirvara og gefa honum kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Ákvörðunin er kæránleg til ráðherra innan tveggja vikna frá því að hún er tekin.

□ Stuðull fyrir línulegan samdrátt skal vera 1 árið 2013 og lækka með línulegum hætti niður í 0,8782 árið 2020.

□ Engum losunarheimildum skal úthlutað samkvæmt þessari grein vegna rafmagnsframleiðslu.

□ Ráðherra skal setja reglugerð<sup>2)</sup> með nánari reglum um úthlutun losunarheimilda samkvæmt þessari grein. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um aðferðafræði við skilgreiningu á upphafsframleiðslugetu, framleiðslustigi og upphafsdegi nýrrar starfsemi og [aukningar á framleiðslugetu].<sup>1)</sup> Í reglugerðinni skal mælt fyrir um form og efni umsókna um losunarheimildir, skilafresti umsókna og málsmeðferð við afgreiðslu Umhverfisstofnunar á umsóknum. Heimilt er að krefjast þess að upplýsingar í umsókn séu vottaðar af óháðum vottunaraðila. Reglugerð sem sett er skv. 11. mgr. 10. gr. skal gilda eftir því sem við á.

<sup>1)</sup> L. 141/2012, 5. gr. <sup>2)</sup> Rg. 73/2013, sbr. 16/2015 og 908/2017.

#### ■ 12. gr. Úthlutun losunarheimilda til rekstraraðila.

□ Umhverfisstofnun skal úthluta losunarheimildum skv. 10. og 11. gr. á reikning viðkomandi rekstraraðila í skráningarkerfinu fyrir 28. febrúar á hverju því ári sem úthlutun tekur til.

□ Ef ljóst verður að rekstraraðili hefur fengið úthlutað fleiri losunarheimildum en hann á rétt á samkvæmt lögum þessum skal Umhverfisstofnun færa þann fjölda sem umfram er af reikningi rekstraraðila í skráningarkerfinu. Ef ekki eru nægar losunarheimildir á reikningi rekstraraðila er Umhverfisstofnun heimilt að draga þann fjölda heimilda sem upp á vantar af úthlutun næsta árs. Umhverfisstofnun skal tilkynna rekstraraðila um fyrirhugaða færslu losunarheimilda af reikningi hans með að minnsta kosti tveggja vikna fyrirvara og gefa honum kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en endanleg ákvörðun er tekin.

□ Engum losunarheimildum skal úthlutað vegna starfsstöðvar þar sem starfsemi hefur verið hætt nema rekstraraðili sýni Umhverfisstofnun fram á að starfsemi hefjist á ný innan tiltekings og eðlilegs tíma. Starfsemi telst hætt ef losunarleyfi vegna starfsstöðvar . . .<sup>1)</sup> hefur verið afturkallað eða ef það er tæknilega útilokað að halda áfram starfsemi eða hefja hana á ný. Umhverfisstofnun skal tilkynna rekstraraðila um fyrirhugaða ákvörðun um að hætta úthlutun losunarheimilda með að minnsta kosti tveggja vikna fyrirvara og gefa honum kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en endanleg ákvörðun er tekin. Ákvörðunin er kæránleg til ráðherra innan tveggja vikna frá því að hún er tekin. Ef rekstraraðili [minnkar verulega framleiðslugetu]<sup>1)</sup> skal Umhverfisstofnun leiðréttu úthlutun losunarheimilda til viðkomandi starfsstöðvar frá og með næsta almanaksári. Umhverfisstofnun skal tilkynna rekstraraðila um fyrirhugaða ákvörðun með að minnsta kosti tveggja vikna fyrirvara og gefa honum kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en endanleg

ákvörðun er tekin. Ákvörðunin er kæránleg til ráðherra innan tveggja vikna frá því að hún er tekin.

□ [Ráðherra skal setja reglugerð<sup>2)</sup> þar sem kveðið skal á um nánari skilyrði þess að starfsemi teljist hætt eða að veruleg minnkun teljist hafa orðið á framleiðslugetu hafi verið dregið úr henni, skyldu rekstraraðila til að skila nauðsynlegum upplýsingum, aðferðafræði við útreikning leiðréttrar úthlutunar og með hvaða hætti úthlutun skuli leiðrétt, þar á meðal í kjölfar endurskoðunar á almennum leiðréttingarstuðli. Heimilt er að krefjast þess að upplýsingar frá rekstraraðilum séu vottaðar af óháðum vottunaraðila.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 141/2012, 6. gr. <sup>2)</sup> Rg. 73/2013, sbr. 16/2015 og 908/2017.

#### ■ 13. gr. Vöktun og upplýsingagjöf rekstraraðila.

□ Rekstraraðilum ber að vakta losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi sem getið er í I. viðauka í samræmi við ákvæði þessarar greinar og vöktunaráætlun í losunarleyfi, sbr. 8. gr.

□ [Ef breytingar verða á starfsemi, eldsneytisnotkun, hráefnanotkun eða vöktunaraðferðum rekstraraðila, ef breytingar verða á reglum sem um vöktunaráætlun gilda eða ef vöktunaráætlun uppfyllir af öðrum ástæðum ekki lengur skilyrði reglugerðar skv. 5. mgr. skal rekstraraðili, að eigin frumkvæði eða að kröfu Umhverfisstofnunar, gera viðeigandi breytingar á áætluninni. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um hvers kyns breytingar á vöktunaráætlun og eru verulegar breytingar háðar samþykki stofnunarinnar. Rekstraraðilum er heimilt að uppfæra vöktunaráætlun án þess að gefa þurfi út nýtt losunarleyfi.]<sup>1)</sup>

□ Rekstraraðilar skulu árlega skila til Umhverfisstofnunar skýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda sem getið er í I. viðauka á undangengnu almanaksári. Skýrslan skal vottuð af óháðum vottunaraðila í samræmi við ákvæði VII. kafla. . . .<sup>1)</sup>

□ Ef skýrsla um losun gróðurhúsalofttegunda hefur ekki borist frá rekstraraðila fyrir þann frest sem tilgreindur er í reglugerð skv. 5. mgr., eða ef losunarskýrsla er ófullnægjandi eða hefur ekki verið vottuð, skal Umhverfisstofnun áætla losun viðkomandi rekstraraðila á undangengnu almanaksári [miðað við mestu mögulegu losun í viðkomandi starfsemi].<sup>1)</sup> Slík áætlun skal gerð þrátt fyrir að rekstraraðili hafi staðið skil á losunarheimildum í samræmi við losunarskýrslu sem síðar reynist ófullnægjandi, þó ekki lengra aftur í tímann en sem nemur yfirstandandi viðskiptatímabili. Umhverfisstofnun skal tilkynna rekstraraðila um fyrirhugaða áætlun með að minnsta kosti tveggja vikna fyrirvara og gefa honum kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en endanleg ákvörðun um áætlun er tekin. Ákvörðunin er kæránleg til ráðherra innan tveggja vikna frá því að hún er tekin.

□ Ráðherra skal setja reglugerð<sup>2)</sup> til nánari útfærslu á ákvæðum þessarar greinar. Í reglugerðinni skal kveðið á um umfang og tíðni vöktunar, vöktunaraðferðir, form og efni vöktunaráætlunar, umsóknarfresti og málsmeðferð í tengslum við samþykki vöktunaráætlana og breytinga á þeim, skilgreiningu á verulegum breytingum á vöktunaráætlunum, skráningu og varðveislu upplýsinga, form og efni skýrslna, fresti til að senda inn skýrslur til Umhverfisstofnunar, málsmeðferð í tengslum við [yfirferð]<sup>1)</sup> skýrslna og önnur atriði er varðað geta vöktun og skýrslugjöf. Í reglugerðinni er heimilt að flokka rekstraraðila eftir umfangi losunar þeirra og starfsemi og gera misstrangar kröfur um vöktun og skýrslugjöf í samræmi við slíka flokkun. Í reglugerðinni skal kveðið á um með hvaða hætti áætla skal losun ef upplýsingar skortir.

□ Rekstraraðilum ber skylda til að tilkynna Umhverfisstofnun tafarlaust með skriflegum hætti um allar fyrirhugaðar

breytingar á rekstri starfsstöðvar sem geta haft áhrif á efni losunarleyfis. Undir þetta getur m.a. fallið ákvörðun um að leggja niður starfsemi, tímabundið eða varanlega, eða [minnka verulega framleiðslugetu].<sup>1)</sup>

□ Umhverfisstofnun er heimilt að krefja rekstraraðila um allar upplýsingar sem stofnunin þarf á að halda til að meta hvort skyldur laga þessara og reglugerða sem settar eru með stoð í þeim hafi verið efndar á fullnægjandi hátt.

<sup>1)</sup> L. 141/2012, 7. gr. <sup>2)</sup> Rg. 72/2013, sbr. 352/2014, 662/2014 og 133/2015.

■ **14. gr. Sérreglur fyrir tiltekna starfsstöðvar.**

□ Umhverfisstofnun er heimilt að undanskilja starfsstöðvar gildissviði viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir á viðskiptatímabilinu 1. janúar 2013 til 31. desember 2020 ef þær uppfylla skilyrði 2. mgr. Í slíkum tilfellum skulu starfsstöðvar uppfylla kröfur þessarar greinar.

□ Skilyrði fyrir beitingu 1. mgr. er að losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsstöðinni hafi verið undir 25.000 tonnum af koldíoxíðsígildum á hverju ári tímabilsins 1. janúar 2009 til 31. desember 2011, að frátalinni losun frá lífmassa. Ef um er að ræða starfsstöð þar sem brennsla er hluti af starfsemi er einnig skilyrði að uppsett afl starfsstöðvar hafi verið undir 35 MW á hverju ári tímabilsins 1. janúar 2009 til 31. desember 2011.

□ Starfsstöðvar sem undanþegnar hafa verið gildissviði viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir skv. 1. mgr. skulu greiða losunargjald í samræmi við losun gróðurhúsalofttegunda frá viðkomandi starfsstöð á undangengnu almanaksári. Frá þeirri losun skal þó draga þann fjölda tonna sem samsvavar fjölda losunarheimilda sem starfsstöðin hefði fengið úthlutað endurgjaldslaut í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir. Sé losun starfsstöðvar á einhverju ári viðskiptatímabilsins minni en sá fjöldi losunarheimilda sem viðkomandi starfsstöð hefði fengið úthlutað endurgjaldslaut í viðskiptakerfinu skal Umhverfisstofnun taka tillit til þess við ákvörðun gjaldskyldrar losunar næstu ára innan tímabilsins skv. 2. mgr. Gjald fyrir hvert tonn losunar skal jafngilda meðalverði losunarheimilda á Evrópska efnahagssvæðinu eins og það er á árstímabili sem lýkur [31. júlí]<sup>1)</sup> árið áður en hin gjaldskylda losun á sér stað og skal það ákveðið með lögum. Losunargjald samkvæmt þessari grein rennur í ríkissjóð.

□ [Fjárhæð losunargjalds skv. 3. mgr. vegna gjaldskyldrar losunar sem á sér stað árið [[2019]<sup>2)</sup> skal vera [1.256 kr.]<sup>3)</sup> fyrir hvert tonn gjaldskyldrar losunar.]<sup>4)</sup>

□ Innheimtumaður ríkissjóðs í umdæmi starfsstöðvar skal fyrir 1. júlí ár hvert leggja á og innheimta losunargjald af starfsstöðvum sem undanþegnar hafa verið gildissviði viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir skv. 1. mgr. í samræmi við skýrslu Umhverfisstofnunar um magn gjaldskyldrar losunar. Skýrsla Umhverfisstofnunar um magn gjaldskyldrar losunar skal afhent viðkomandi innheimtumanni fyrir 31. maí ár hvert vegna almanaksársins á undan. Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um álag og kærur hvað varðar álagningu og innheimtu losunargjalds skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

□ Rekstraraðilar sem óska þess að starfsstöð þeirra verði undanskilin gildissviði viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir, sbr. 1. mgr., skulu eigi síðar en 10. ágúst 2012 senda umsókn þess efnis til Umhverfisstofnunar. Í umsókninni skal koma fram hvernig viðkomandi starfsstöð uppfyllir skilyrði 2. mgr. Umhverfisstofnun skal afgreiða slíka umsókn eigi síðar en 25. ágúst 2012. Ákvörðun Umhverfisstofnunar

er kæraneleg til ráðherra innan tveggja vikna frá því að hún er tekin. Ráðherra skal kveða upp úrskurð innan fjögurra vikna frá því að kærufrestur rennur út.

□ [Rekstraraðilar starfsstöðva sem hafa verið undanskildar gildissviði viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir skulu fyrir 31. mars ár hvert skila skýrslu til Umhverfisstofnunar þar sem sýnt er fram á að losun frá starfsstöðinni sé undir 25.000 tonnum af koldíoxíðsígildum á undangengnu almanaksári og skilyrði um að uppsett afl starfsstöðvar sé undir 35 MW á undangengnu almanaksári þurfa einnig að vera uppfyllt ef brennsla er hluti af starfsemi.]<sup>1)</sup> Ef skýrslan leiðir í ljós að starfsstöð hefur losað 25.000 tonn eða meira af koldíoxíðsígildum, að frátalinni losun frá lífmassa, á einu almanaksári skal litið svo á að starfsstöð falli undir gildissvið viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir frá þeim degi er Umhverfisstofnun staðfestir skýrsluna. Rekstraraðili viðkomandi starfsstöðvar skal þá eiga rétt á úthlutun endurgjaldslausra losunarheimilda skv. 10. gr. frá því ári sem hann heyrir undir gildissvið viðskiptakerfisins, eins og ef hann hefði ekki verið undanskilinn gildissviði þess. Starfsstöð sem þetta á við um skal heyra undir gildissvið viðskiptakerfisins það sem eftir lifir yfirstandandi viðskiptatímabils.

□ Ráðherra skal setja reglugerð<sup>5)</sup> til nánari útfærslu á ákvæðum þessarar greinar. Í reglugerðinni skulu settar kröfur um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda, form og efni skýrslu, og málsmeðferð í tengslum við staðfestingu skýrslu. Heimilt er að gera kröfu um að skýrsla sé vottuð af óháðum vottunaraðila. Heimilt er að ákveða að reglugerðir skv. 5. mgr. 13. gr. og 26. gr. skuli gilda eftir því sem við á.

<sup>1)</sup> L. 62/2015, 2. gr. <sup>2)</sup> L. 138/2018, 23. gr. <sup>3)</sup> L. 25/2014, 1. gr. <sup>4)</sup> L. 141/2012, 8. gr. <sup>5)</sup> Rg. 1060/2013.

**V. kafli. Losun gróðurhúsalofttegunda frá flugstarfsemi.**

■ **15. gr. Viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.**

□ Kafli þessi gildir um flugrekendur sem stunda starfsemi sem getið er í II. viðauka og heyra þar með undir gildissvið viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir samkvæmt því sem kveðið er á um í lögum þessum.

■ **16. gr. Flugrekendur sem heyra undir umsjón íslenska ríkisins.**

□ Ísland telst umsjónarríki eftirfarandi flugrekenda:

a. flugrekenda sem hafa flugrekstrarleyfi útgefið á Íslandi, og

b. flugrekenda sem ekki hafa flugrekstrarleyfi útgefið í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, ef stærsti hluti losunar þeirra sem fellur undir II. viðauka á viðmiðunarári tilheyrir Íslandi.

□ Viðmiðunarár skv. 1. mgr. skal vera árið 2006. Ef flugrekandi hefur hafið flugstarfsemi skv. II. viðauka eftir 1. janúar 2006 skal viðmiðunarárið vera fyrsta heila almanaksárið sem hann er í rekstri.

□ Ef ekkert af losun flugrekanda sem getið er í b-lið 1. mgr. tilheyrir Íslandi á fyrstu tveimur árum viðkomandi viðskiptatímabils skal flugrekandi frá og með næsta viðskiptatímabili heyra undir umsjón þess ríkis Evrópska efnahagssvæðisins sem stærstur hluti losunar flugrekandans tilheyrði á þessum tveimur árum.

□ Ráðherra skal setja reglugerð<sup>1)</sup> um það hvaða flugrekendur heyra undir umsjón Íslands. Reglugerðin skal vera í samræmi við skrá sem gefin er út árlega af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um niðurröðun flugrekenda á umsjónarríki á Evrópska efnahagssvæðinu. Í reglugerðinni skal kveðið

á um hvernig bregðast skuli við ef ekki er ljóst hvaða ríki telst umsjónarríki flugrekanda. Tilgreining flugrekanda eða skortur á tilgreiningu hans í skránni hefur ekki áhrif á það hvort flugrekandi heyrir undir gildissvið þessara laga.

□ Ef flugrekanda er ekki getið í skránni, sbr. 4. mgr., skal mat á því hvaða ríki losun tilheyrir byggjast á upplýsingum frá Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu (Eurocontrol). Í slíkum tilvikum skal Ísland þó aðeins teljast umsjónarríki flugrekanda að fenginni staðfestingu Umhverfisstofnunar.

<sup>1)</sup> Rg. 896/2012, sbr. 782/2013, 413/2014, 791/2015, 909/2016, 788/2017 og 887/2018.

■ **17. gr. Skylda flugrekenda til að standa skil á losunarheimildum.**

□ Flugrekendur sem stunda flugstarfsemi sem getið er í II. viðauka skulu fyrir 30. apríl ár hvert standa skil á losunarheimildum vegna losunar koldíoxíðs frá starfseminni á undangengnu almanaksári.

□ Fjöldi losunarheimilda sem flugrekanda ber að standa skil á skal jafngilda heildarlosun á þeim gróðurhúsalofttegundum sem getið er í II. viðauka samkvæmt vottaðri skýrslu flugrekanda, sbr. 5. mgr. 21. gr., eða áætlun Umhverfisstofnunar, sbr. 6. mgr. 21. gr.

□ Ef skýrsla sem berst eftir að Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um áætlun skv. 6. mgr. 21. gr. leiðir í ljós að losun frá starfseminni var meiri en áætlun Umhverfisstofnunar gerði ráð fyrir skal flugrekandi standa skil á þeim fjölda losunarheimilda sem ber í milli.

□ Flugrekendum er heimilt að efna skyldu sína skv. 1. mgr. með:

a. losunarheimildum sem úthlutað hefur verið af stjórnvöldum í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins til aðila sem heyra undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, hvort sem um er að ræða flugrekendur eða rekstraraðila staðbundinnar starfsemi, og

b. annars konar losunarheimildum eða einingum sem viðurkenndar hafa verið af ráðherra með reglugerð skv. 33. gr.

□ Ráðherra er heimilt að undanþiggja flugrekanda frá skyldu skv. 1. mgr. í heild eða að hluta. Skilyrði þess eru að heimaríki flugrekanda og Evrópusambandið hafi náð samkomulagi um að reglur viðkomandi ríkis til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá flugstarfsemi skuli koma í stað krafna viðskiptakerfisins og að það samkomulag hafi verið viðurkennt af sameiginlegu EES-nefndinni.

■ **18. gr. Skilyrði úthlutunar endurgjaldslausra losunarheimilda til flugrekenda.**

□ Á hverju viðskiptatímabili geta flugrekendur sótt um úthlutun endurgjaldslausra losunarheimilda sem jafngildir fjölda tonnklómetra í starfsemi viðkomandi flugrekanda á vöktunarári margfölduðum með árangursviðmiði flugstarfsemi.

□ Árangursviðmið flugstarfsemi skv. 1. mgr. skal skilgreint sem losunarheimildir á tonnklómetra og reiknað út með því að deila fjölda losunarheimilda sem úthluta ber endurgjaldslost til flugstarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu á hverju viðskiptatímabili með samtölu tonnklómetra í umsóknum flugrekenda um losunarheimildir frá öllu Evrópska efnahagssvæðinu á viðkomandi viðskiptatímabili.

□ Vöktunarár samkvæmt þessari grein er það almanaksár sem lýkur 24 mánuðum fyrir upphaf viðkomandi viðskiptatímabils. Vöktunarárið fyrir viðskiptatímabilið 1. janúar 2012 til 31. desember 2012 er þó árið 2010.

□ Flugrekandi sem óskar eftir úthlutun skv. 1. mgr. skal í

síðasta lagi 31. mars á næstsíðasta ári fyrir upphaf hvers viðskiptatímabils senda Umhverfisstofnun umsókn þess efnis í formi skýrslu um fjölda tonnklómetra í starfsemi sinni á vöktunarári. Skýrslan skal byggð á [vöktunaráætlun vegna tonnklómetra]<sup>1)</sup> skv. 2. mgr. 21. gr. Skýrslan skal vera vottuð í samræmi við ákvæði VII. kafla.

□ Umhverfisstofnun skal taka afstöðu til umsóknar skv. 4. mgr. í síðasta lagi 31. desember á því ári sem umsókn er send. Umhverfisstofnun skal tilkynna flugrekendum um fyrirhugaða ákvörðun með að minnsta kosti tveggja vikna fyrirvara og gefa flugrekendum kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Ákvörðunin er kæránleg til ráðherra innan tveggja vikna frá því að hún er tekin.

□ Ráðherra skal setja reglugerð<sup>2)</sup> með nánari reglum um úthlutun losunarheimilda samkvæmt þessari grein. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um árangursviðmið flugstarfsemi fyrir hvert viðskiptatímabil og um form og efni skýrslu um fjölda tonnklómetra. Í reglugerðinni er heimilt að flokka flugrekendur eftir umfangi losunar þeirra og starfsemi og gera mismistrangar kröfur um vöktun og skýrslugjöf í samræmi við slíka flokkun.

<sup>1)</sup> L. 141/2012, 9. gr. <sup>2)</sup> Rg. 72/2013, sbr. 352/2014 og 133/2015. Rg. 100/2016, sbr. 886/2018.

■ **19. gr. Sjóður fyrir nýja þáttakendur í flugstarfsemi.**

□ Á hverju viðskiptatímabili verður losunarheimildum úthlutað endurgjaldslost til flugrekenda úr sjóði fyrir nýja þáttakendur í flugstarfsemi. Á viðskiptatímabilinu 1. janúar 2013 til 31. desember 2020 nær úthlutun úr sjóðnum til tímabilsins 1. janúar 2017 til 31. desember 2020.

□ Nýr þáttakandi í flugstarfsemi telst:

a. flugrekandi sem hefur flugstarfsemi sem getið er í II. viðauka að loknu vöktunarári vegna yfirstandandi viðskiptatímabils, sbr. 3. mgr. 18. gr., eða

b. flugrekandi sem eykur fjölda tonnklómetra í starfsemi sinni að meðaltali um meira en 18% á ári frá vöktunarári vegna yfirstandandi viðskiptatímabils, sbr. 3. mgr. 18. gr., til annars almanaksárs yfirstandandi viðskiptatímabils, að báðum árum meðtöldum.

Flugrekandi telst þó ekki nýr þáttakandi ef flugstarfsemi hans er að öllu eða einhverju leyti framhald á flugstarfsemi sem áður hefur verið á vegum annars flugrekanda.

□ Fjöldi losunarheimilda sem flugrekendur skv. a-lið 2. mgr. geta sótt um á hverju viðskiptatímabili skal jafngilda fjölda tonnklómetra í starfsemi viðkomandi flugrekanda á öðru almanaksári yfirstandandi viðskiptatímabils margfölduðum með árangursviðmiði nýrra þáttakenda í flugstarfsemi.

□ Fjöldi losunarheimilda sem flugrekendur skv. b-lið 2. mgr. geta sótt um á hverju viðskiptatímabili skal jafngilda þeirri aukningu sem verður á fjölda tonnklómetra í starfsemi viðkomandi flugrekanda umfram 18% frá vöktunarári vegna yfirstandandi viðskiptatímabils, sbr. 3. mgr. 18. gr., til annars almanaksárs yfirstandandi viðskiptatímabils, að báðum árum meðtöldum, margfaldaðri með árangursviðmiði nýrra þáttakenda í flugstarfsemi.

□ Árangursviðmið nýrra þáttakenda í flugstarfsemi skv. 3. og 4. mgr. skal skilgreint sem losunarheimildir á tonnklómetra og reiknað út með því að deila fjölda losunarheimilda í sjóði fyrir nýja þáttakendur í flugstarfsemi á hverju viðskiptatímabili með samtölu tonnklómetra í umsóknum nýrra þáttakenda í flugstarfsemi um losunarheimildir frá öllu Evrópska efnahagssvæðinu á viðkomandi viðskiptatímabili. Árangursviðmið nýrra þáttakenda í flugstarfsemi skal ekki

leiða til úthlutunar fleiri losunarheimilda á tonnklómetra en árangursviðmið flugstarfsemi skv. 1. mgr. 18. gr.

□ Hámark heildarúthlutunar til hvers flugrekanda sem fellur undir b-lið 2. mgr. er 1.000.000 losunarheimildir.

□ Flugrekandi sem óskar eftir úthlutun samkvæmt þessari grein skal í síðasta lagi 30. júní á þriðja ári yfirstandandi tímabils senda Umhverfisstofnun umsókn þess efnis í formi skýrslu um fjölda tonnklómetra í starfsemi sinni á öðru almanaksári yfirstandandi viðskiptatímabils. Skýrslan skal byggð á [vöktunaráætlun vegna tonnklómetra]<sup>1)</sup> skv. 3. mgr. 21. gr. Skýrslan skal vera vottuð í samræmi við ákvæði VII. kafla. Flugrekendur skv. b-lið 2. mgr. skulu í skýrslunni gera grein fyrir aukningu á fjölda tonnklómetra í starfsemi sinni frá vöktunarári vegna yfirstandandi viðskiptatímabils, sbr. 3. mgr. 18. gr., til annars almanaksárs yfirstandandi viðskiptatímabils, að báðum árum meðtöldum.

□ Umhverfisstofnun skal taka afstöðu til umsóknar skv. 7. mgr. í síðasta lagi 30. september árið eftir að umsókn er send. Umhverfisstofnun skal tilkynna flugrekendum um fyrirhugaða ákvörðun með að minnsta kosti tveggja vikna fyrirvara og gefa flugrekendum kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Ákvörðunin er kæraneleg til ráðherra innan tveggja vikna frá því að hún er tekin.

□ Ráðherra skal setja reglugerð<sup>2)</sup> með nánari reglum um úthlutun losunarheimilda samkvæmt þessari grein. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um árangursviðmið nýrra þáttakenda í flugstarfsemi fyrir hvert viðskiptatímabil og um form og efni skýrslu um fjölda tonnklómetra. Í reglugerðinni er heimilt að flokka flugrekendur eftir umfangi losunar þeirra og starfsemi og gera misstrangar kröfur um vöktun og skýrslugjöf í samræmi við slíka flokkun.

<sup>1)</sup> L. 141/2012, 9. gr. <sup>2)</sup> Rg. 72/2013, sbr. 352/2014 og 133/2015.

#### ■ 20. gr. Úthlutun losunarheimilda til flugrekanda.

□ Umhverfisstofnun skal úthluta losunarheimildum skv. 18. og 19. gr. á reikning viðkomandi flugrekanda í skráningarkerfinu fyrir 28. febrúar á hverju ári sem ákvörðun um úthlutun tekur til.

□ Ef ljóst verður að flugrekandi hefur fengið úthlutað fleiri losunarheimildum en hann á rétt á samkvæmt lögum þessum skal Umhverfisstofnun færa þann fjölda sem umfram er af reikningi flugrekanda í skráningarkerfinu. Ef ekki eru nægar losunarheimildir á reikningi rekstraraðila er Umhverfisstofnun heimilt að draga þann fjölda heimilda sem upp á vantar af úthlutun næsta árs.

#### ■ 21. gr. Vöktun og upplýsingagjöf flugrekanda.

□ Flugrekendur skulu senda Umhverfisstofnun [vöktunaráætlun vegna losunar].<sup>1)</sup> Þeir skulu vakta losun frá starfsemi sinni í samræmi við slíka áætlun.

□ Flugrekendur sem hyggjast sækja um úthlutun endurgjaldslausra losunarheimilda skv. 18. gr. skulu senda Umhverfisstofnun [vöktunaráætlun vegna tonnklómetra].<sup>1)</sup> Þeir skulu vakta tonnklómetra í starfsemi sinni á vöktunarári í samræmi við slíka áætlun.

□ Flugrekendur sem hyggjast sækja um úthlutun endurgjaldslausra losunarheimilda skv. 19. gr. skulu senda Umhverfisstofnun [vöktunaráætlun vegna tonnklómetra].<sup>1)</sup> Þeir skulu vakta tonnklómetra í starfsemi sinni á öðru almanaksári yfirstandandi viðskiptatímabils í samræmi við slíka áætlun.

□ Gildi [vöktunaráætlana]<sup>1)</sup> skv. 1.–3. mgr. er háð samþykki Umhverfisstofnunar. [Ef breytingar verða á starfsemi, eldsneytisnotkun eða vöktunaraðferðum flugrekanda, ef breyt-

ingar verða á reglum sem um vöktunaráætlanir gilda eða ef vöktunaráætlun uppfyllir af öðrum ástæðum ekki lengur skilyrði reglugerðar skv. 7. mgr. skal flugrekandi, að eigin frumkvæði eða að kröfu Umhverfisstofnunar, gera viðeigandi breytingar á áætluninni. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um hvers kyns breytingar á vöktunaráætlun og eru verulegar breytingar háðar samþykki stofnunarinnar.]<sup>1)</sup>

□ Flugrekendur skulu árlega senda Umhverfisstofnun skýrslu um losun koldíoxíðs á undangengnu almanaksári. Skýrslan skal vottuð af óháðum vottunaraðila í samræmi við ákvæði VII. kafla.

□ Ef losunarskýrsla hefur ekki borist frá flugrekanda fyrir þann frest sem tilgreindur er í reglugerð skv. 7. mgr., eða ef losunarskýrsla er ófullnægjandi eða hefur ekki verið vottuð, skal Umhverfisstofnun áætla losun viðkomandi flugrekanda á undangengnu almanaksári [miðað við mestu mögulegu losun í viðkomandi starfsemi].<sup>1)</sup> Slík áætlun skal gerð þrátt fyrir að flugrekandi hafi staðið skil á losunarheimildum í samræmi við losunarskýrslu sem síðar reynist ófullnægjandi, þó ekki lengra aftur í tímann en sem nemur yfirstandandi viðskiptatímabili.

□ Ráðherra skal setja reglugerð<sup>2)</sup> til nánari útfærslu á ákvæðum þessarar greinar. Í reglugerðinni skal kveðið á um umfang og tíðni vöktunar, vöktunaraðferðir, form og efni [vöktunaráætlana],<sup>1)</sup> fresti til að senda umsóknir í tengslum við [vöktunaráætlanir]<sup>1)</sup> til Umhverfisstofnunar, málsmeðferð í tengslum við samþykki [vöktunaráætlana]<sup>1)</sup> og breytinga á þeim, skilgreiningu á verulegum breytingum á [vöktunaráætlunum],<sup>1)</sup> skráningu og varðveislu upplýsinga, form og efni skýrslna, fresti til að senda skýrslur til Umhverfisstofnunar, málsmeðferð í tengslum við staðfestingu skýrslna og önnur atriði er varðað geta vöktun og skýrslugjöf. Í reglugerðinni er heimilt að flokka flugrekendur eftir umfangi losunar þeirra og starfsemi og gera misstrangar kröfur um vöktun og skýrslugjöf í samræmi við slíka flokkun. Í reglugerðinni skal kveðið á um með hvaða hætti áætla skal losun ef upplýsingar skortir.

□ Ef flugrekandi hyggst leggja niður starfsemi, tímabundið eða varanlega, ber að tilkynna Umhverfisstofnun það tafarlaust með skriflegum hætti.

□ Umhverfisstofnun er heimilt að krefja flugrekendur um allar upplýsingar sem stofnunin þarf á að halda til að meta hvort skyldur þessara laga og reglugerða sem settar eru með stóð í þeim hafi verið efnar á fullnægjandi hátt.

<sup>1)</sup> L. 141/2012, 10. gr. <sup>2)</sup> Rg. 72/2013, sbr. 352/2014 og 133/2015.

#### [V. kafli A. Vöktun losunar koldíoxíðs frá sjóflutningum.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 45/2017, 1. gr.

#### ■ [21. gr. a.]

□ Skipafyrirtæki skulu vakta losun koldíoxíðs frá farþega- og flutningaskípum yfir 5.000 brúttótonnum sem koma á ferð sinni í höfn á Evrópska efnahagssvæðinu og skila um hana skýrslu til Umhverfisstofnunar og Eftirlitsstofnunar EFTA.

□ Ráðherra setur reglugerð<sup>1)</sup> um vöktun losunar frá sjóflutningum, aðferðir við vottun og skýrslugjöf vegna losunar koldíoxíðs frá sjóflutningum.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 834/2017, sbr. 45/2018, 319/2018 og 739/2018. <sup>2)</sup> L. 45/2017, 1. gr. Fyrstu skýrslu um losun koldíoxíðs skal skila eigi síðar en 30. apríl 2019, sbr. 5. gr. s.l.

#### VI. kafli. Skráningarkerfi.

#### ■ 22. gr. [Landsstjórnandi.]

□ Umhverfisstofnun er landsstjórnandi Íslands í skráningarkerfi sem er starfrækt samkvæmt alþjóðlegum skuldbind-



ingum íslenska ríkisins og reglum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir. Umhverfisstofnun hefur umsjón með reikningum skráningarkerfisins sem eru í eigu ríkisins og einkaaðila sem lúta lögsögu íslenska ríkisins. Í umsjón með reikningum felst m.a. að stofna og loka reikningum, stýra aðgangi að þeim og veita notendum skráningarkerfisins upplýsingar og aðstoð.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 141/2012, 11. gr.

■ [22. gr. a. *Reikningar.*

□ Eftirfarandi aðilum er skylt að eiga reikning í skráningar-kerfinu:

- a. rekstraraðilum skv. 7. gr.,
- b. flugrekendum skv. 15. gr., og
- c. vottunaraðilum sem tekið hafa að sér vottun skýrslna fyrir aðila skv. a- og b-lið.

□ Eftirfarandi aðilum er heimilt að eiga reikning í skráningar-kerfinu og eiga losunarheimildir:

- a. uppboðshaldara, uppboðsvettvangi eða milligönguaðila sem getið er í reglugerð um uppboð losunarheimilda skv. 28. gr.,
- b. viðskiptavettvangi sem er tengdur skráningarkerfinu,
- c. einstaklingum sem þess óska og hafa fasta búsetu á Íslandi, og
- d. lögaðilum sem eru skráðir á Íslandi.

□ Sækja skal um stofnun reiknings til Umhverfisstofnunar. Umsækjandi um stofnun reiknings skal leggja fram nauðsynlegar upplýsingar samkvæmt því sem Umhverfisstofnun krefst og kveðið er á um í reglugerð um skráningarkerfið.

□ Umhverfisstofnun getur, í þeim tilgangi að gæta öryggis skráningarkerfisins, hafnað umsókn aðila um stofnun reiknings í skráningarkerfinu:

- a. ef hann veitir rangar eða ófullnægjandi upplýsingar,
- b. ef aðili eða forsvarsmáður aðila er grunaður um eða hefur á síðustu fimm árum verið dæmdur fyrir misferli með losunarheimildir, peningabætti, fjármögnun hryðjuverka eða aðra alvarlega glæpi sem reikningurinn gæti eða hefur verið notaður í,
- c. ef Umhverfisstofnun hefur ástæðu til að ætla að reikningurinn geti verið nýttur við misferli með losunarheimildir, peningabætti, fjármögnun hryðjuverka eða aðra alvarlega glæpi, eða
- d. í samræmi við ákvæði annarra laga.

□ Reikningseigendum er óheimilt að afsala eignarhaldi sínu á reikningum í skráningarkerfinu til annarra aðila. Reikningseiganda vörslureiknings rekstraraðila er þó heimilt að afsala eignarhaldi sínu á þeim reikningi til annars aðila við aðila-skipti að starfsstöð sem reikningurinn tengist.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 141/2012, 11. gr.

■ [22. gr. b. *Viðurkenndir fulltrúar og viðurkenndir viðbótarfulltrúar.*

□ Þegar óskað er eftir stofnun reiknings skal umsækjandi skv. 22. gr. a tilnefna að minnsta kosti tvo viðurkennda fulltrúa fyrir hvern reikning. Að minnsta kosti annar þessara fulltrúa skal hafa fasta búsetu á Íslandi þegar um er að ræða aðila sem getið er í 2. mgr. 22. gr. a. Þegar um er að ræða reikning vottunaraðila er þó einungis krafist að minnsta kosti eins viðurkennds fulltrúa. Viðurkenndur fulltrúi skal hafa frumkvæði að aðgerðum fyrir hönd reikningseiganda í skráningarkerfinu.

□ Ef umsækjandi skv. 22. gr. a eða reikningseigandi hyggst heimila viðskiptavettvangi aðgang að reikningi sínum skal

hann tilnefna sem viðurkenndan fulltrúa aðila sem þegar hefur verið samþykktur sem viðurkenndur fulltrúi reiknings viðskiptavettvangsins.

□ Heimilt er að tilnefna einn eða fleiri viðurkennda viðbótarfulltrúa fyrir hvern reikning. Auk samþykkis viðurkennds fulltrúa skv. 1. mgr. er samþykki viðurkennds viðbótarfulltrúa áskilið fyrir aðgerðum á viðkomandi reikningi, þó ekki þegar um er að ræða skil á losunarheimildum skv. 9. og 17. gr. Ráðherra getur ákveðið í reglugerð að ekki sé þörf á samþykki viðurkennds viðbótarfulltrúa fyrir annars konar aðgerðum.

□ Viðurkenndir fulltrúar og viðurkenndir viðbótarfulltrúar skulu hafa náð hafa að minnsta kosti 18 ára aldri. Sami einstaklingur má ekki vera viðurkenndur fulltrúi og viðurkenndur viðbótarfulltrúi sama reiknings. Einstaklingur má vera viðurkenndur fulltrúi eða viðurkenndur viðbótarfulltrúi fleiri en eins reiknings.

□ Þegar umsækjandi skv. 22. gr. a eða reikningseigandi tilnefnir aðila sem viðurkenndan fulltrúa eða viðurkenndan viðbótarfulltrúa skal hann leggja fram nauðsynlegar upplýsingar samkvæmt því sem Umhverfisstofnun krefst og kveðið er á um í reglugerð ráðherra.

□ Reikningseiganda er hvenær sem er heimilt að skipta um viðurkennda fulltrúa eða viðurkennda viðbótarfulltrúa eða bæta fleiri slíkum við ef tilnefning nýrra aðila uppfyllir skilyrði þessarar greinar.

□ Umhverfisstofnun getur, í þeim tilgangi að gæta öryggis skráningarkerfisins, hafnað tilnefningu aðila sem viðurkennds fulltrúa eða viðurkennds viðbótarfulltrúa:

- a. ef veittar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar,
- b. ef viðkomandi aðili er grunaður um eða hefur á síðustu fimm árum verið dæmdur fyrir misferli með losunarheimildir, peningabætti, fjármögnun hryðjuverka eða aðra alvarlega glæpi sem reikningurinn gæti eða hefur verið notaður í, eða
- c. í samræmi við ákvæði annarra laga.

□ Viðurkenndum fulltrúum og viðurkenndum viðbótarfulltrúum er óheimilt að afsala þeirri stöðu sinni til annarra aðila.

□ Umhverfisstofnun er heimilt að fella niður stöðu aðila sem viðurkenndur fulltrúi eða viðurkenndur viðbótarfulltrúi ef stofnunin telur að hafna hefði átt tilnefningu viðkomandi aðila samkvæmt þessari grein, einkum ef ljóst verður að upplýsingar sem afhentar voru vegna tilnefningarinnar voru rangar eða ófullnægjandi.

□ Kærufrestur vegna ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 9. mgr. er 30 virkir dagar. Ráðherra skal kveða upp úrskurð eins fljótt og hægt er og eigi síðar en innan fjögurra vikna frá því að gagnaöflun er lokið.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 141/2012, 11. gr.

■ [22. gr. c. *Upplýsingagjöf reikningseigenda.*

□ Umhverfisstofnun er heimilt að krefja aðila sem getið er í 22. gr. a og 22. gr. b um allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að tryggja öryggi skráningarkerfisins. Heimilt er að krefjast þess að slíkar upplýsingar séu uppfærðar vegna breyttra aðstæðna og gildi þeirra staðfest af viðkomandi aðilum með reglulegu millibili.

□ Ef Umhverfisstofnun telur upplýsingar sem eru afhentar skv. 1. mgr. ófullnægjandi eða leiða í ljós að reikningseigandi, viðurkenndur fulltrúi eða viðurkenndur viðbótarfulltrúi uppfylli ekki lengur kröfur laga þessara og reglugerða sem

settar eru með stoð í lögum þessum er stofnuninni heimilt að hafna því að uppfæra viðkomandi upplýsingar.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 141/2012, 11. gr.

■ [22. gr. d. Lokun reiknings.

□ Umhverfisstofnun lokar reikningi eftirtalinnna aðila í skráningarkerfinu í eftirtöldum tilvikum:

a. allra annarra aðila en þeirra sem getið er í b- og c-lið, komi fram ósk um það frá viðkomandi aðila,

b. rekstraraðila, ef starfsstöð sem reikningnum tengist hættir starfsemi sem getið er í I. viðauka eða ef losunarleyfi vegna hennar fellur niður,

c. flugrekanda, ef hann hættir starfsemi sem getið er í II. viðauka eða við samruna tveggja eða fleiri flugrekanda,

d. vottunaraðila, ef hann hættir starfsemi eða ef faggilding hans eða viðurkenning skv. VII. kafla rennur út eða fellur niður.

□ Áður en reikningi er lokað skal reikningseiganda gefinn frestur í 40 virka daga til að flytja losunarheimildir af reikningnum á annan reikning í skráningarkerfinu. Ef reikningseigandi nýtir ekki þessa heimild skulu losunarheimildirnar fluttar á vörslureikning íslenska ríkisins í skráningarkerfinu.

□ Umhverfisstofnun er heimilt að loka reikningi ef aðgangi að honum hefur verið lokað tímabundið í samræmi við 22. gr. e ef ekki er leyst úr þeim annmörkum sem urðu tilefni lokunarinnar innan hæfilegs tíma og þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir. Ef um er að ræða vörslureikning rekstraraðila eða flugrekanda er Umhverfisstofnun þó einungis heimilt að koma í veg fyrir hvers kyns hreyfingar losunarheimilda á reikningnum, en ekki að loka þeim. Reikningur skal ekki opnaður eða hreyfingar leyfðar að nýju nema Umhverfisstofnun telji að þeir annmarkar sem urðu tilefni lokunar eða takmörkunar á hreyfingum séu ekki lengur fyrir hendi.

□ Kærufrestur vegna ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 3. mgr. er 30 virkir dagar. Ráðherra skal kveða upp úrskurð eins fljótt og hægt er og eigi síðar en innan fjögurra vikna frá því að gagnaöflun er lokið.

□ Umhverfisstofnun er heimilt að loka vörslureikningi eða viðskiptareikningi aðila sem getið er í c- og d-lið 2. mgr. 22. gr. a ef engin innstæða er á reikningnum og engin hreyfing hefur verið á honum í eitt ár eða meira. Í slíkum tilvikum ber Umhverfisstofnun að tilkynna reikningseiganda að reikningi hans verði lokað bregðist hann ekki við innan 40 virkra daga og gefa honum kost á að óska formlega eftir því að reikningnum verði haldið opnum.

□ Umhverfisstofnun lokar vörslureikningi rekstraraðila ef stofnunin telur sýnt að losunarheimildir á honum verði ekki framvegis notaðar til að efna skyldu rekstraraðila skv. 1. mgr. 9. gr. Áður en reikningi er lokað skal reikningseiganda gefinn frestur í 40 virka daga til að flytja losunarheimildir af reikningnum á annan reikning í skráningarkerfinu. Ef reikningseigandi nýtir ekki þessa heimild skulu losunarheimildirnar fluttar á vörslureikning íslenska ríkisins í skráningarkerfinu.

□ Umhverfisstofnun lokar tímabundið vörslureikningi rekstraraðila ef starfsstöð sú sem tengist reikningi hefur verið undanskilin gildissviði viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir í samræmi við 14. gr. Umhverfisstofnun opnar reikninginn sama dag og starfsstöðin telst heyra undir gildissviði viðskiptakerfisins að nýju.

□ Umhverfisstofnun lokar tímabundið vörslureikningi flugrekanda ef ljóst er að starfsemi hans heyrir ekki lengur undir gildissviði viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir. Umhverfisstofnun opnar reikninginn sama dag og stofnuninni

berast upplýsingar um að flugrekandi hafi hafið starfsemi að nýju sem heyrir undir gildissviði viðskiptakerfisins.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 141/2012, 11. gr.

■ [22. gr. e. Takmörkun aðgangs að reikningi.

□ Umhverfisstofnun er heimilt að loka tímabundið aðgangi viðurkennds fulltrúa eða viðurkennds viðbótarfulltrúa að hvaða reikningi eða ferlum í skráningarkerfinu sem er ef stofnunin hefur ástæðu til að ætla að viðkomandi viðurkenndur fulltrúi hafi:

a. reynt að öðlast aðgang að reikningnum eða ferlum án heimildar,

b. ítrekað reynt að öðlast aðgang að reikningi eða ferlum með því að nota rangt notandanafn og lykilorð, eða

c. reynt að stefna í hættu öryggi, aðgengi, heilleika eða trúverðugleika skráningarkerfisins, miðlægs eftirlitsaðila eða gagna sem tengjast skráningarkerfinu eða miðlægum eftirlitsaðila.

□ Umhverfisstofnun er heimilt að loka tímabundið aðgangi allra viðurkenndra fulltrúa eða viðurkenndra viðbótarfulltrúa að tilteknum reikningi í skráningarkerfinu ef:

a. reikningseigandi lést án þess að löglegur arftaki væri til staðar eða, í tilviki lögaðila, ef hann líður undir lok,

b. reikningseigandi hefur ekki greitt tilskilin gjöld,

c. reikningseigandi hefur brotið gegn skilmálum sem gilda um viðkomandi reikning,

d. reikningseigandi samþykkir ekki breytingar á skilmálum sem gilda um viðkomandi reikning,

e. reikningseigandi hefur vanrækt að afhenda Umhverfisstofnun tilskildar upplýsingar skv. 22. gr. c,

f. reikningseigandi hefur ekki tilnefnt tilskilinn fjölda viðurkenndra fulltrúa skv. 1. mgr. 22. gr. b,

g. reikningseigandi uppfyllir ekki kröfu 1. mgr. 22. gr. b um að að minnsta kosti einn viðurkenndur fulltrúi hafi fasta búsetu á Íslandi, eða

h. reikningseigandi uppfyllir ekki kröfu c- eða d-liðar 2. mgr. 22. gr. a um fasta búsetu eða skráningu á Íslandi.

□ Umhverfisstofnun er heimilt að loka tímabundið aðgangi allra viðurkenndra fulltrúa eða viðurkenndra viðbótarfulltrúa og koma í veg fyrir að þeir geti hafið ferli á tilteknum reikningi:

a. í tvær vikur að hámarki ef stofnunin hefur ástæðu til að ætla að reikningurinn hafi verið notaður eða muni verða notaður í tengslum við svik, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða aðra alvarlega glæpi, eða

b. á grundvelli ákvæða annarra laga.

□ Umhverfisstofnun er heimilt að loka tímabundið aðgangi að reikningi ef stofnunin telur að hafna hefði átt umsókn um stofnun reikningsins eða að reikningseigandi uppfylli ekki lengur skilyrði fyrir stofnun reiknings.

□ Umhverfisstofnun afléttir tímabundinni lokun aðgangs skv. 1.–4. mgr. um leið og leyst hefur verið úr þeim annmörkum sem urðu tilefni lokunarinnar.

□ Ef aðgangi að reikningi hefur verið lokað tímabundið í samræmi við ákvæði þessarar greinar er Umhverfisstofnun heimilt að láta flytja allar losunarheimildir af reikningnum á reikning íslenska ríkisins í skráningarkerfinu.

□ Kærufrestur vegna ákvarðana Umhverfisstofnunar skv. 1.–3. mgr. er 30 virkir dagar. Ráðherra skal kveða upp úrskurð eins fljótt og hægt er og eigi síðar en innan fjögurra vikna frá því að gagnaöflun er lokið.

□ Ákvarðanir miðlæga stjórnandans um tímabundna lokun aðgangs að skráningarkerfinu eða hluta þess, vegna gruns um

að brotið hafi verið gegn öryggi kerfisins eða að veruleg hættu sé á að brotið verði gegn öryggi þess og að heilleika kerfisins sé þannig stefnt í hættu, skulu eftir því sem við á gilda um reikninga sem heyra undir lögsögu Íslands.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 141/2012, 11. gr.

■ [22. gr. f. *Kyrrsetning losunarheimilda.*

□ Umhverfisstofnun getur, að eigin frumkvæði eða að beiðni íslenskra lögregluvalda, kyrrsett losunarheimildir tímabundið á þeim reikningum skráningarkerfisins sem stofnunin hefur umsjón með:

a. í tvær vikur að hámarki ef stofnunin hefur grun um að losunarheimildir hafi verið notaðar í tengslum við svik, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða aðra alvarlega glæpi, eða

b. í samræmi við ákvæði annarra laga.

□ Umhverfisstofnun skal án tafar gera lögreglufröðum viðvart um kyrrsetningu losunarheimilda skv. 1. mgr. nema það sé augljóslega óþarft.

□ Ákvarðanir miðlæga stjórnandans um tímabundna kyrrsetningu losunarheimilda, í tvær vikur að hámarki, vegna gruns um að losunarheimildir hafi verið notaðar í tengslum við svik, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða aðra alvarlega glæpi, skulu eftir því sem við á gilda um reikninga sem heyra undir lögsögu Íslands.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 141/2012, 11. gr.

■ [22. gr. g. *Reglugerð um skráningarkerfi.*

□ Ráðherra setur reglugerð<sup>1)</sup> til fyllingar ákvæðum þessa kafla. Reglugerðinni skal ætlað að tryggja virkni og öryggi skráningarkerfisins og rétta skráningu losunarheimilda og skal m.a. hafa að geyma ákvæði um skilyrði fyrir stofnun reikninga í skráningarkerfinu, þ.m.t. hvaða upplýsingar skulu fylgja umsókn, skyldur reikningseigenda, tilnefningu og hlutverk viðurkenndra fulltrúa og viðurkenndra viðbótarfulltrúa, tímafresti varðandi stofnun reikninga, viðvarandi upplýsingagjöf notenda skráningarkerfisins, upplýsingar sem skráðar skulu í skráningarkerfið, samvinnu og samtengingu við önnur kerfi, tæknilegar kröfur varðandi rekstur og öryggi skráningarkerfisins og samvinnu stjórnvalda í tengslum við öryggismál og afbrot í tengslum við skráningarkerfið, auk reglna um hvernig farið skuli með útgáfu, handhöfn, skil, millifærslur og ógildingu losunarheimilda. Í reglugerðinni skal Umhverfisstofnun veitt heimild til að ákveða hámarksfjölda leyfilegra viðurkenndra fulltrúa og viðurkenndra viðbótarfulltrúa fyrir hverja gerð reiknings. Heimilt er að ákveða að aðgerðir í skráningarkerfinu séu háðar sjálfvirku samþykki rafrænna eftirlitskerfa sem eru starfrækt á grundvelli alþjóðlegra skuldbindinga ríkisins í þeim tilgangi að tryggja rétta skráningu losunarheimilda og öryggi skráningarkerfisins. Umhverfisstofnun skal veitt heimild til að krefja reikningseigendur um að samþykkja skilmála um notkun skráningarkerfisins að því tilskildu að slíkir skilmálar séu í samræmi við ákvæði reglugerðar samkvæmt þessari grein. Í reglugerðinni skulu vera nánari ákvæði um þagnarskyldu og afhendingu upplýsinga úr skráningarkerfinu til stjórnvalda og stofnana í þeim tilgangi að hafa eftirlit með aðgerðum reikningseigenda og aðgangshafa.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 365/2014, sbr. 1253/2015 og 738/2018. <sup>2)</sup> L. 141/2012, 11. gr.

**VII. kafli. Vottun og viðurkenning vottunaraðila.**

■ 23. gr. *Framkvæmd vottunar.*

□ Skýrslur rekstraraðila skv. 13. gr. og skýrslur flugrekenda skv. 21. gr. skulu vottaðar af faggiltum vottunaraðila í samræmi við ákvæði þessa kafla.

□ Vottunaraðili skal vera óháður rekstraraðila eða flugrekenda og gæta hlutleysis í störfum sínum.

■ 24. gr. *Faggilding vottunaraðila og eftirlit.*

□ Faggilding vottunaraðila og eftirlit með faggiltum vottunaraðilum skal framkvæmt af faggildingarsviði Einkaleyfastofu. Faggildingarsviði Einkaleyfastofu er heimilt að fela stofnun sem fer með faggildingar í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins að framkvæma faggilding og eftirlit. Faggildingarsviði Einkaleyfastofu ber að halda úti skrá yfir alla vottunaraðila sem hlotið hafa faggilding samkvæmt þessari grein og skal hún aðgengileg almenningi.

■ 25. gr. *Gagnkvæm viðurkenning.*

□ Faggilding vottunaraðila sem framkvæmd hefur verið í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins skal metin jafngild faggilding skv. 24. gr. Það er þó skilyrði að faggilding stafi frá stofnun sem fer með faggildingar í viðkomandi ríki . . .<sup>1)</sup> Einnig er skilyrði að vottunarstofa starfi á ensku eða norðurlandamáli öðru en finnsku.

□ Vottunaraðili skv. 1. mgr. sem hyggst votta gögn fyrir rekstraraðila eða flugrekendur sem heyra undir lög þessi skal áður en starf við vottun hefst senda faggildingarskjal á ensku eða norðurlandamáli, öðru en finnsku, til Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun skal innan eins mánaðar taka afstöðu til þess hvort vottunaraðili uppfyllir kröfur 1. mgr. og tilkynna vottunaraðila niðurstöðu sína. Umhverfisstofnun skal halda úti skrá yfir alla vottunaraðila sem hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt þessari grein og skal hún vera aðgengileg almenningi.

<sup>1)</sup> L. 141/2012, 12. gr.

■ 26. gr. *Reglugerð um vottun og vottunaraðila.*

□ Ráðherra skal setja reglugerð<sup>1)</sup> til nánari útfærslu á ákvæðum þessa kafla. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um meginreglur sem vottunaraðilum ber að fara eftir við vottun, aðferðafræði við vottun, form og efni vottunarskýrslu og nánari útfærslu á kröfu um að vottunaraðili sé óháður og hlutlaus. Í reglugerðinni skulu einnig settar fram nánari kröfur um framkvæmd faggildingar, skilyrði og málsmeðferðarreglur í tengslum við faggilding og gagnkvæma viðurkenningu vottunaraðila, [þar á meðal um hvaðan faggilding skuli stafa].<sup>2)</sup> gildistíma faggildingar, eftirlit með vottunaraðila, varðveislu gagna og þagnarskyldu.

<sup>1)</sup> Rg. 131/2013, sbr. 1139/2013. <sup>2)</sup> L. 141/2012, 13. gr.

■ 27. gr. *Almennar reglur um faggilding.*

□ Til fyllingar ákvæðum þessa kafla og reglugerð skv. 26. gr. skal eftir því sem við á beita almennum reglum íslensks réttar um faggilding.

**VIII. kafli. Uppboð losunarheimilda.**

■ 28. gr. *Uppboð losunarheimilda.*

□ Íslenska ríkið skal á hverju ári frá árinu [2012]<sup>1)</sup> bjóða upp losunarheimildir í samræmi við heimildir sínar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Heimildirnar skulu boðnar upp á sameiginlegum uppboðsvettvangi Evrópusambandsins samkvæmt samningi sem íslenska ríkið gerir við uppboðsvettvanginn [og skulu tekjur ríkisins af uppboðnum losunarheimildum renna í ríkissjóð].<sup>2)</sup> Ráðherra skal setja reglugerð<sup>3)</sup> um hve margar losunarheimildir verða boðnar upp af íslenska ríkinu og um tilhögun uppboðsins. [Í reglugerðinni skulu m.a. koma fram reglur um tíðni uppboða, skilyrði þess að mega leggja fram tilboð og lágmarksfjölda losunarheimilda sem boðið skal í hverju sinni.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 141/2012, 14. gr. <sup>2)</sup> L. 125/2014, 21. gr. <sup>3)</sup> Rg. 525/2013, sbr. 641/2014 og 1179/2014.

**IX. kafli. Loftslagssjóður.****■ 29. gr. Hlutverk.**

□ Loftslagssjóður er sérstakur sjóður sem heyrir undir ráðherra. Hlutverk sjóðsins er að styðja við verkefni er stuðlað geta að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi, aðlögun að afleiðingum loftslagsbreytinga og aukinni þekkingu almennings á loftslagsbreytingum af mannavöldum, afleiðingum þeirra og mögulegum aðgerðum til að sporna við þeim. Þetta getur sjóðurinn m.a. gert með því að styrkja:

a. þróunarstarf og rannsóknir á sviði loftslagsvænnar tækniþróunar og nýsköpunar á Íslandi,

b. verkefni er lúta að rannsóknum, kynningu og fræðslu á áhrifum loftslagsbreytinga og hlutverki almennings, stofnana og fyrirtækja í að sporna við loftslagsbreytingum og aðlagast þeim, og

c. verkefni sem stuðla að endurheimt votlendis og verkefni er stuðla að bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi, svo sem með skógrækt og landgræðslu.

**■ 30. gr. Tekjur.**

□ Tekjur loftslagssjóðs eru:

a. [fjárveiting í fjárlögum ár hvert],<sup>1)</sup>

b. aðrar tekjur.

<sup>1)</sup> L. 125/2014, 22. gr.

**■ 31. gr. Stjórn.**

□ Ráðherra skipar loftslagssjóði fjögurra manna stjórn til tveggja ára í senn. Formaður skal skipaður án tilnefningar og honum til viðbótar skipar ráðherra einn stjórnarmann án tilnefningar, einn stjórnarmann samkvæmt tilnefningu umhverfisverndarsamtaka og einn stjórnarmann samkvæmt tilnefningu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Stjórnin tekur ákvarðanir um úthlutunir úr sjóðnum í samræmi við reglur sjóðsins. Ef atkvæði í stjórn falla jafnt hefur formaður odda-atkvæði. Stjórninni er heimilt að framselja óháðum aðila fjárhagslega umsýslu sjóðsins samkvæmt samningi.

□ Ákvarðanir sem teknar eru um að veita styrki úr loftslagssjóði eru endanlegar á stjórnarsýslustigi.

**■ 32. gr. Úthlutunarreglur.**

□ Ráðherra skal setja loftslagssjóði reglur þar sem m.a. skal kveðið á um umsóknir, mat þeirra og málsmeðferð. Þar skulu koma fram skilyrði umsókna og áherslur sjóðsins.

**[IX. kafli A. Geymsla koldíoxíðs í jarðlögum.]<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> L. 62/2015, 3. gr.

**■ [32. gr. a.**

□ Óheimilt er að geyma koldíoxíð í jarðlögum, sérefnahagslögsögu og á landgrunni.

□ Bann 1. mgr. tekur ekki til verkefna í rannsóknar-, þróunar- eða prófunarskyni ef um er að ræða verkefni þar sem ætlunin er að geyma minna en samtals 100 kílótonn koldíoxíðs.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 62/2015, 3. gr.

**[IX. kafli B. Opinber innkaup á vistvænum og orkunýtnum ökutækjum.]<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> L. 62/2015, 3. gr.

**■ [32. gr. b.**

□ Opinberir aðilar, sem skilgreindir eru í lögum um opinber innkaup, skulu við innkaup á farþega- og vöruflutningabifreiðum yfir viðmiðunarfjárhæðum á Evrópska efnahagssvæðinu taka mið af líftímakostnaði farartækis vegna orkunotkunar og umhverfisáhrifa, sbr. 2. mgr., og nota a.m.k. aðra þeirra aðferða sem settar eru fram í 3. mgr. í því skyni að draga úr orkunotkun og skaðlegum umhverfisáhrifum.

□ Að því tilskildu að upplýsingar liggi fyrir ber að taka tillit til eftirfarandi umhverfisáhrifa:

a. orkunotkunar,

b. losunar koldíoxíðs,

c. losunar köfnunarefnisoxíða, kolefnissambanda annarra en metans og svifryks.

□ Skilyrði 1. og 2. mgr. skal uppfylla með eftirtöldum aðferðum:

a. með því að setja fram tækniforskriftir í útboðsskilmálum varðandi orkueyðslu og umhverfisáhrif farartækis auk hvers kyns annarra umhverfisáhrifa sem leiðir af kaupunum eða

b. ákvörðun um innkaup með hliðsjón af líftímakostnaði vegna orkunotkunar og umhverfisáhrifa með því að setja slíkan kostnað fram sem valfarsendu í skilmálum útboðs eða annars innkaupaferlis eða með reikningsaðferð sem sett er fram í reglugerð með stoð í lögum þessum.

□ Ráðherra setur reglugerð um nánari skilgreiningu á því hvaða innkaup falla undir 1. mgr., ásamt lýsingu á þeirri aðferðafræði sem beita skal við útreikning á rekstrarkostnaði og endingartíma, svo og um framfylgd reglnanna.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 62/2015, 3. gr.

**X. kafli. Almenn um losunarheimildir.**

■ 33. gr. Tegundir losunarheimilda sem heimilt er að nota.

□ Ráðherra skal setja reglugerð<sup>1)</sup> um heimild rekstraraðila og flugrekenda til að nota annars konar losunarheimildir eða einingar en tilgreindar eru í 9. og 17. gr. til að efna kröfur laga þessara um skil á losunarheimildum. Í reglugerðinni skal m.a. mælt fyrir um skilyrði fyrir og takmarkanir á notkun eininga sem stafa af þáttöku í alþjóðlegum verkefnum samkvæmt Kyoto-bókuninni við loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna.

<sup>1)</sup> Rg. 897/2012, sbr. 964/2013 og 897/2014.

■ 34. gr. Flutningur losunarheimilda milli viðskiptatímabíla.

□ Flytja má gildar losunarheimildir milli viðskiptatímabíla. Ráðherra er þó heimilt að mæla með reglugerð fyrir um takmarkanir á flutningi losunarheimilda sem stafa af alþjóðlegum verkefnum samkvæmt Kyoto-bókuninni við loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna, í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands.

■ 35. gr. Viðskipti með losunarheimildir.

□ Viðskipti með losunarheimildir eru frjálgs eftir að þeim hefur verið úthlutað eða þær boðnar upp. Ekki er heimilt að framselja rétt til úthlutunar samkvæmt lögum þessum, nema við aðilaskipti að fyrirtækjum. Við slík aðilaskipti skulu ekki rofin tengsl milli viðkomandi starfsemi og réttarins til úthlutunar sem á henni byggist.

■ 36. gr. Meðferð losunarheimilda sem tengjast bindingu kolefnis.

□ Losunarheimildir sem verða til við bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi eða vegna endurheimtar votlendis í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands á því sviði skulu bókfærðar á reikning íslenska ríkisins í skráningarkerfi [skv. VI. kafli].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 141/2012, 15. gr.

**XI. kafli. Aðengi að upplýsingum og þagnarskylda.**

■ 37. gr. Upplýsingar aðgengilegar almenningsi.

□ Umhverfisstofnun skal birta opinberlega ákvarðanir um úthlutun losunarheimilda skv. 12. og 20. gr.

□ Um aðgang að öðrum upplýsingum sem varða úthlutun stjórnvalda á losunarheimildum samkvæmt lögum þessum,

þar á meðal skýrslum um losun gróðurhúsalofttegunda sem aðilar sem heyra undir gildissvið laga þessara hafa sent Umhverfisstofnun, fer eftir lögum um upplýsingarétt um umhverfismál.

■ **38. gr. Þagnarskylda.**

□ Starfsfólk Umhverfisstofnunar og annarra stjórnvalda og stofnana sem sinna verkefnum samkvæmt lögum þessum er bundið trúnaði um allar trúnaðarupplýsingar sem það verður áskynja í starfi sínu og leynt skulu fara. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

□ Rekstraraðilar og flugrekendur geta óskað eftir því að lit-ið verði á tiltekna upplýsingar í gögnum sem þeir senda til Umhverfisstofnunar, þar á meðal skýrslum skv. 13. og 21. gr., sem trúnaðarupplýsingar. Ef ósk berst um afhendingu slíkra upplýsinga skv. 2. mgr. 37. gr. er Umhverfisstofnun óheimilt að afhenda þær nema rekstraraðila eða flugrekanda hafi verið veittur að minnsta kosti sjö daga frestur til að tjá sig um framkomna beiðni.

□ Undir trúnaðarupplýsingar skv. 1. mgr. heyra m.a. upplýsingar um eignarhald reikninga, stöðu losunarheimilda og millifærslur í skráningarkerfi með losunarheimildir, [sbr. VI. kafla].<sup>1)</sup> Ráðherra getur þó í reglugerð [skv. 22. gr. g].<sup>1)</sup> heimilað afhendingu slíkra upplýsinga til innlendra og erlendra stjórnvalda og stofnana sem fara með eftirlits- og stjórnsluhlutverk í tengslum við skráningarkerfið, þó eingöngu að því marki sem þessum aðilum er nauðsynlegt til að rækja hlutverk sitt. Við afhendingu upplýsinga skal tryggt að upplýsingar berist ekki óviðkomandi aðilum.

<sup>1)</sup> L. 141/2012, 16. gr.

**XII. kafli. Gjaldtaka.**

■ **39. gr. Gjaldtaka.**

□ [Umhverfisstofnun er heimilt að taka gjald fyrir eftirfarandi verkefni sem stofnunin innir af hendi:

1. Útgáfu losunarleyfa, þar á meðal breytingar á losunarleyfum, sbr. 8. gr.
2. Afgreiðslu umsókna nýrra þátttakenda í staðbundinni starfsemi um losunarheimildir, sbr. 3. mgr. 11. gr.
3. Samþykkt verulegra breytinga á vöktunaráætlunum, sbr. 2. mgr. 13. gr.
4. Yfirferð og umsýslu vegna skýrslna rekstraraðila um losun koldíoxíðs, sbr. 3. mgr. 13. gr.
5. Áætlun á losun staðbundinnar starfsemi, sbr. 4. mgr. 13. gr.
6. Afgreiðslu umsókna rekstraraðila um að starfsstöð verði undanskilin gildissviði viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir, sbr. 6. mgr. 14. gr.
7. Yfirferð skýrslna um að skilyrði fyrir því að undanskilja starfsstöð gildissviði viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir séu fyrir hendi, sbr. 7. mgr. 14. gr.
8. Afgreiðslu umsókna flugrekenda um losunarheimildir, sbr. 4. mgr. 18. gr.
9. Afgreiðslu umsókna nýrra þátttakenda í flugstarfsemi um losunarheimildir, sbr. 7. mgr. 19. gr.
10. Samþykkt vöktunaráætlana vegna tonnklómetra í flugstarfsemi, sbr. 2. mgr. 21. gr.
11. Samþykkt vöktunaráætlana vegna losunar frá flugstarfsemi, sbr. 3. mgr. 21. gr.
12. Samþykkt verulegra breytinga á vöktunaráætlunum, sbr. 4. mgr. 21. gr.
13. Yfirferð og umsýslu vegna skýrslna flugrekenda um losun koldíoxíðs, sbr. 5. mgr. 21. gr.
14. Áætlun á losun flugstarfsemi, sbr. 6. mgr. 21. gr.

15. Stofnun og viðhald reikninga í skráningarkerfi með losunarheimildir, sbr. VI. kafla. Heimilt er að innheimta árgjald sem tekur mið af meðaltalskostnaði við rekstur reiknings í skráningarkerfinu.

16. Afgreiðslu umsókna um gagnkvæma viðurkenningu faggildingar, sbr. 25. gr.

17. Önnur verkefni sem mælt er fyrir um í lögum þessum og reglugerðum settum með stoð í þeim.<sup>1)</sup>

□ Ráðherra skal setja, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, gjaldskrá fyrir þau gjöld sem rekstraraðilar, flugrekendur, vottunaraðilar og aðrir aðilar skulu greiða skv. 1. mgr. Upphæð gjalda samkvæmt þessari grein skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal byggjast á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalda byggist á. Gjöldin mega ekki vera hærri en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld þessi má innheimta með fjárnámi.

□ Umhverfisstofnun er heimilt að fela öðrum aðilum, opinberum eða einkaaðilum, innheimtu gjalda samkvæmt þessari grein.

<sup>1)</sup> L. 141/2012, 17. gr.

**XIII. kafli. Þvingunarúrræði og viðurlög.**

■ **40. gr. Dagsektir.**

□ Umhverfisstofnun getur lagt dagsektir, allt að 500.000 kr. á dag, á hvern þann sem brýtur gegn:

1. 4. mgr. 6. gr. um skyldu til að afhenda Umhverfisstofnun upplýsingar vegna losunarbókhalds.
2. 1. mgr. 8. gr. um skyldu rekstraraðila til að hafa losunarleyfi.
3. 2. mgr. 13. gr. um skyldu til að gera breytingar á vöktunaráætlun.<sup>1)</sup>
- 4.]<sup>1)</sup> 3. mgr. 13. gr. um skyldu rekstraraðila til að senda fullnægjandi og vottaða skýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda til Umhverfisstofnunar.
- 5.]<sup>1)</sup> 7. mgr. 13. gr. um skyldu rekstraraðila til að afhenda Umhverfisstofnun upplýsingar.
- 6.]<sup>1)</sup> [7. mgr.]<sup>1)</sup> 14. gr. um skyldu rekstraraðila til að senda skýrslu um að skilyrði 2. mgr. 14. gr. séu uppfyllt til Umhverfisstofnunar.
- 7.]<sup>1)</sup> 1. mgr. 21. gr. um skyldu flugrekenda til að senda Umhverfisstofnun [vöktunaráætlun vegna losunar].<sup>1)</sup>
8. 4. mgr. 21. gr. um skyldu til að gera breytingar á vöktunaráætlun.<sup>1)</sup>
- 9.]<sup>1)</sup> 5. mgr. 21. gr. um skyldu flugrekenda til að senda fullnægjandi og vottaða skýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda til Umhverfisstofnunar.
- 10.]<sup>1)</sup> 9. mgr. 21. gr. um skyldu flugrekenda til að afhenda Umhverfisstofnun upplýsingar.
- 11.]<sup>1)</sup> [1. mgr. 22. gr. a)]<sup>1)</sup> um skyldu rekstraraðila, flugrekenda og vottunaraðila til að eiga reikning í skráningarkerfi með losunarheimildir.
- Umhverfisstofnun skal því aðeins leggja á dagsektir skv. 1. mgr. að aðila hafi verið send áskorun um að bæta úr vanefndum og veittur hæfilegur frestur til að uppfylla skyldur sínar.
- Ráðherra getur í reglugerð breytt upphæð dagsekta í samræmi við verðlagsþróun. Við ákvörðun sektar skal höfð hliðsjón af alvarleika brotsins, hvað það hefur staðið lengi og hvort um ítrekað brot er að ræða. Jafnframt skal líta til þess hvort ætla megi að brotið hafi verið framið í þágu hagsmuna fyrirtækisins og hvort hægt var að koma í veg fyrir lögbrotið

með stjórnun og eftirliti. Loks ber að líta til þess hver fjárhagslegur styrkleiki lögaðila er.

□ Ákvarðanir Umhverfisstofnunar um dagsektir eru aðfararhæfar. Sé sekt samkvæmt þessari grein ekki greidd innan mánaðar frá ákvörðun Umhverfisstofnunar skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu. [Óinnheimtar dagsektir, sem lagðar eru á fram að efnadegi, falla ekki niður þótt aðili efni síðar viðkomandi kröfu nema Umhverfisstofnun ákveði það sérstaklega.]<sup>1)</sup> Sektir samkvæmt þessari grein renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtu.

□ Ákvörðun Umhverfisstofnunar um dagsektir samkvæmt þessari grein má skjóta til ráðherra innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina. Málskot til ráðherra frestar aðför. Úrskurðir ráðherra um dagsektir eru aðfararhæfir.

<sup>1)</sup> L. 141/2012, 18. gr.

■ **41. gr. Stöðvun á flutningi losunarheimilda í skráningarakerfi.**

□ Ef rekstraraðili eða flugrekandi hefur ekki skilað skýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda skv. 3. mgr. 13. gr. eða 5. mgr. 21. gr. fyrir tilskilinn frest, eða ef skýrslan er ófullnægjandi eða hefur ekki verið vottuð, er Umhverfisstofnun heimilt að koma í veg fyrir hvers konar hreyfingar losunarheimilda á reikningi viðkomandi rekstraraðila eða flugrekanda í skráningarakerfi [skv. VI. kafla]<sup>1)</sup> þar til fullnægjandi skýrslu hefur verið skilað.

<sup>1)</sup> L. 141/2012, 19. gr.

■ **42. gr. [Stöðvun starfsemi.]<sup>1)</sup>**

□ Ef rekstraraðili stundar starfsemi sem getið er í I. viðauka án losunarleyfis skv. 8. gr. eða vanefnir skyldur sínar um skil á losunarheimildum skv. 9. gr. og hefur ekki brugðist við áskorun um að bæta úr vanefndum er Umhverfisstofnun heimilt að stöðva starfsemi rekstraraðilans uns bætt hefur verið úr vanefndum.

□ Ef flugrekandi vanefnir skyldur sínar um skil á losunarheimildum skv. 17. gr. eða um greiðslu þjónustugjalda skv. 39. gr. og hefur ekki brugðist við áskorun um að bæta úr vanefndum er Umhverfisstofnun heimilt að óska eftir því við rekstraraðila flugvallar að hann aftri för loftfars uns bætt hefur verið úr vanefndum er varða viðkomandi loftfar eða fullnægjandi trygging hefur verið sett fyrir efnidum. Rekstraraðili flugvallar skal verða við beiðni Umhverfisstofnunar um að aftra för loftfars uns lögmaelt gjöld vegna losunar gróðurhúsalofttegunda, er varða viðkomandi loftfar, eru greidd eða trygging hefur verið sett fyrir greiðslu þeirra.

<sup>1)</sup> L. 141/2012, 20. gr.

■ **43. gr. Stjórnvaldssektir.**

□ Vanræksla rekstraraðila eða flugrekanda á að standa skil á nægjanlegum fjölda losunarheimilda fyrir tilskilinn frest vegna undangengins árs, sbr. 9. og 17. gr., varðar stjórnvaldssekt sem Umhverfisstofnun leggur á. Fjárhæð stjórnvaldssektar skal samsvara 100 evrum í íslenskum krónum vegna hvernar losunarheimildar sem upp á vantar. Miðað skal við viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands á þeim degi þegar standa átti skil á losunarheimildum sem sektin tekur til.

□ Greiðsla sektar skv. 1. mgr. hefur ekki áhrif á skyldu rekstraraðila og flugrekanda til að standa skil á þeim fjölda losunarheimilda sem upp á vantar.

□ Vanræksla rekstraraðila á greiðslu losunargjalds vegna undangengins árs, sbr. 3. mgr. 14. gr., varðar stjórnvalds-

sekt sem Umhverfisstofnun leggur á. Fjárhæð stjórnvaldssektar skal samsvara 100 evrum í íslenskum krónum vegna hvers tonns koldíoxíðsígilda sem ekki var greitt losunargjald fyrir. Miðað skal við viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands á eindaga losunargjalds.

□ Greiðsla sektar skv. 3. mgr. hefur ekki áhrif á skyldu rekstraraðila til greiðslu ógreidds losunargjalds.

□ Umhverfisstofnun er heimilt að leggja stjórnvaldssektir á rekstraraðila og flugrekendur sem brjóta gegn:

1. 1. mgr. 13. gr. um skyldu rekstraraðila til að vakta losun gróðurhúsalofttegunda.

2. 6. mgr. 13. gr. um skyldu rekstraraðila til að tilkynna Umhverfisstofnun um fyrirhugaðar breytingar á rekstri starfsstöðvar.

3. 1. mgr. 21. gr. um skyldu flugrekanda til að vakta losun gróðurhúsalofttegunda.

4. 8. mgr. 21. gr. um skyldu flugrekanda til að tilkynna Umhverfisstofnun ef hann hyggst leggja niður starfsemi, tímabundið eða varanlega.

□ Sektir samkvæmt þessari grein má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa.

□ Stjórnvaldssektir skv. 5. mgr. geta numið frá 100 þús. kr. til 10 millj. kr. Við ákvörðun sektar skal höfð hliðsjón af alvarleika brotsins, hvað það hefur staðið lengi og hvort um ítrekað brot er að ræða. Jafnframt skal líta til þess hvort ætla megi að brotið hafi verið framið í þágu hagsmuna fyrirtækisins og hvort hægt var að koma í veg fyrir lögbrotið með stjórnun og eftirliti. Loks ber að líta til þess hver fjárhagslegur styrkleiki lögaðila er.

□ Ráðherra getur í reglugerð breytt upphæð stjórnvaldssektar í samræmi við verðlagsþróun. Ákvarðanir Umhverfisstofnunar um stjórnvaldssektir eru aðfararhæfar. Sé sekt samkvæmt þessari grein ekki greidd innan mánaðar frá ákvörðun Umhverfisstofnunar skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu. Sektir samkvæmt þessari grein renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtu.

□ Heimild Umhverfisstofnunar til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar sjö ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

□ Ákvörðun Umhverfisstofnunar um stjórnvaldssektir samkvæmt þessari grein má skjóta til ráðherra innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina. Málskot til ráðherra frestar aðför. Úrskurðir ráðherra um stjórnvaldssektir eru aðfararhæfir.

■ **44. gr. Opinber birting nafna.**

□ Umhverfisstofnun skal birta opinberlega nöfn rekstraraðila og flugrekanda sem ekki hafa staðið skil á nægjanlegum fjölda losunarheimilda fyrir tilskilinn frest hvert ár vegna undangengins árs, sbr. 9. og 17. gr., og hafa sætt stjórnvaldssektum skv. 1. mgr. 43. gr.

■ **45. gr. Refsivíðurlög.**

□ Það varðar sektum eða fangelsi allt að einu ári nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum að veita Umhverfisstofnun rangar eða villandi upplýsingar eða leyndu upplýsingum sem máli skipta við í tengslum við upplýsingagjöf [skv. 13., 21. og 22. gr. a – 22. gr. c].<sup>1)</sup> Sé um stórfelld eða ítrekuð brot að ræða skulu þau varða fangelsi allt að tveimur árum.

□ Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstak-

linga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Einnig má, með sama skilorði, gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa gerast sekir um brot eða ef það stafar af ófullnægjandi tækjabúnaði eða verkstjórn.

□ Tilraun til brota og hlutdeild í brotum á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

<sup>1)</sup> L. 141/2012, 21. gr.

#### XIV. kafli. Lokaákvæði.

##### ■ 46. gr. Gildistaka.

□ Lög þessi öðlast þegar gildi . . .

##### ■ 47. gr. Innleiðing EES-gerða.

□ Lög þessi eru sett til innleiðingar á eftirfarandi EES-gerðum:

1. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB, sem vísað er til í tölulíð 21al í III. kafla XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2007, frá 27. október 2007.

2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/101/EB frá 27. október 2004 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan bandalagsins að því er varðar verkefniskerfi Kyoto-bókunarinnar, sem vísað er til í tölulíð 21al í III. kafla XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2007 frá 27. október 2007.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/101/EB frá 19. nóvember 2008 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB þannig að kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan bandalagsins taki til flugstarfsemi, sem vísað er til í tölulíð 21al í III. kafla XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2011 frá 1. apríl 2011.

4. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/29/EB frá 23. apríl 2009 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að bæta og víkka út kerfi bandalagsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda.

[5. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1193/2011 frá 18. nóvember 2011.]<sup>1)</sup>

[6. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB frá 23. apríl 2009 um geymslu koltvísýrings í jörðu og um breytingu á tilskipun ráðsins 85/337/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB, 2001/80/EB, 2004/35/EB, 2006/12/EB, 2008/1/EB og reglugerð (EB) nr. 1013/2006 sem vísað er til í tölulíð 19a í III. kafla XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2012 frá 15. júní 2012.

7. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/33/EB frá 23. apríl 2009 um að stuðla að notkun á hreinum og orkunýtnum ökutækjum til flutninga á vegum sem vísað er til í tölulíð 21av. III. kafla í XX. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 173/2013 frá 8. október 2013.]<sup>2)</sup>

[8. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2015/757 frá 29. apríl 2015 um vöktun, skýrslugjöf og sannprófingun á losun koltvísýrings frá sjóflutningum og um breytingu á tilskipun 2009/16/EB.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 141/2012, 22. gr. <sup>2)</sup> L. 62/2015, 4. gr. <sup>3)</sup> L. 45/2017, 2. gr.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

##### ■ I.

□ Heimild 35. gr. til að eiga viðskipti með losunarheimildir í ráki ekki við um þær losunarheimildir sem atvinnurekstri var úthlutað vegna tímabilsins 1. janúar 2008 til 31. desember 2012 samkvæmt lögum nr. 65/2007, um losun gróðurhúsalofttegunda.

##### ■ II.

□ Seðlabanka Íslands er heimilt að setja reglur um framkvæmd viðskipta með losunarheimildir samkvæmt lögum þessum.

##### ■ III.

□ Þrátt fyrir ákvæði XIII. kafla skal ekki beita þvingunarúræðum gagnvart flugrekanda vegna ákvæða 17. gr. um skil losunarheimilda og 21. gr. um vöktun og skýrslugjöf, að því er varðar kröfur sem verða virkar fyrir 1. janúar 2014 og tengjast losun koldíoxíðs frá flugstarfsemi sem felur í sér flugtak eða landingu á flugvöllum í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins og yfirráðasvæða ríkja Evrópska efnahagssvæðisins, að frátöldum Sviss og ríkjum sem undirritað hafa aðildarsáttmála við Evrópusambandið, ef annað eftirfarandi skilyrði er uppfyllt:

a. flugrekandi skilar fyrir 30. apríl 2013 til Umhverfisstofnunar sama fjölda losunarheimilda og hann fékk úthlutað endurgjaldslausum árið 2012 vegna slíkrar flugstarfsemi,

b. engum endurgjaldslausum losunarheimildum var úthlutað til flugrekanda árið 2012 vegna slíkrar flugstarfsemi.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 141/2012, 23. gr.

##### ■ IV.

□ Frestur flugrekanda til að skila skýrslu fyrir árið 2013 samkvæmt ákvæði 21. gr. framlengist um eitt ár, til 31. mars 2015, og skylda flugrekanda til að standa skil á losunarheimildum skv. 17. gr. vegna losunar árið 2013 framlengist til 30. apríl 2015. Ekki verður breyting á skyldu flugrekanda til að vakta losun sína skv. 21. gr.

□ Ráðherra skal setja reglugerð<sup>1)</sup> til innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 421/2014 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins með tilliti til framkvæmdar á alþjóðasamningi um beitingu sameiginlegrar markaðstengdrar heildarráðstöfunar um alþjóðlega losun frá flugi frá árinu 2020.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 540/2014. <sup>2)</sup> L. 52/2014, 1. gr.

##### ■ V.

□ [Líta skal svo á að allar kröfur sem gerðar eru til flugrekanda í 17. og 21. gr. séu uppfylltar að því er varðar:

1. alla losun flugs til og frá flugvöllum sem staðsettir eru í löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins, á tímabilinu frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2023,

2. alla losun flugs á milli flugvalla sem staðsettir eru á Gvadelúpeyjum, Mayotte, Frönsku Gíneu, Martíník, Sankti Martíns-eyjum, Asoreyjum, Madeira og Kanaríeyjum og flugvallar sem staðsettur er á Evrópska efnahagssvæðinu, á tímabilinu frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2023,

3. alla losun flugs á milli flugvalla í ríkjum og á landsvæðum sem tilheyra ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en

eru ekki aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu, svo sem á við um Grænland og Færeyjar, á tímabilinu frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2023.

□ Enn fremur skal ekki gripið til aðgerða gegn flugrekendum að því er varðar alla losun frá flugi í 1.–3. tölul. 1. mgr.

□ Frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2030 er flug á vegum flugrekenda sem eru ekki með flugrekstur í atvinnuskyni og annast flugferðir þar sem heildarlosun á ári er minni en 1.000 tonn undanskilið gildissviði viðskiptakerfisins og laga þessara.

□ Umhverfisstofnun skal á tímabilinu frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2020 endurúthluta árlega endurgjaldslausum losunarheimildum til flugrekenda í samræmi við breytt gildissvið viðskiptakerfisins skv. 1. mgr. þessa ákvæðis.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 20. gr. skal úthlutun losunarheimilda 2018 fara fram eigi síðar en 30. apríl 2018.

□ Ráðherra skal setja reglugerð<sup>1)</sup> til innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2392 frá 13. desember 2017, sem breytir tilskipun 2003/87/EB um áframhald takmörkunar gildissviðs flugstarfsemi til þess að undirbúa innleiðingu hnattræns samkomulags frá 2021.]<sup>2)</sup><sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 601/2018. <sup>2)</sup> L. 14/2018, 1. gr. <sup>3)</sup> L. 62/2015, 5. gr.

#### ■ [VI.]

□ Ákvæði 1. mgr. 32. gr. a skal endurskoða ekki síðar en árið 2020.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 62/2015, 5. gr.

#### ■ [VII.]

□ 4. gr. samnings milli Íslands annars vegar og Evrópusambandsins og aðildarríkja þess hins vegar um þátttöku Íslands í sameiginlegum efdum á skuldbindingum Íslands, Evrópusambandsins og aðildarríkja þess á öðru skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar við rammamening Saminuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar skal hafa lagagildi hér á landi. Ákvæðið og 1. viðauki samningsins eru birt sem fylgiskjal með lögum.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 62/2015, 5. gr.

### I. viðauki. Losun frá staðbundinni starfsemi.

#### Starfsemi

Brennsla eldsneytis í stöðvum með heildar-nafnvarmaafli sem er yfir 20 MW (að undanskildum stöðvum til brennslu á hættulegum úrgangi eða sorpi).

Hreinsun jarðolíu.

Framleiðsla á koxi.

Brennsla eða glæðing, einnig kögglun, málmgrýtis (þ.m.t. brennisteinsgrýtis).

Framleiðsla á hrájárn eða stáli (fyrsta eða önnur bræðsla), þ.m.t. samfelld málmsteypa, þar sem afkastagetan er meiri en 2,5 tonn á klukkustund.

Framleiðsla eða vinnsla á járnríkum málmum (þ.m.t. járnblend) þar sem í rekstri eru brennslueiningar með heildar-nafnvarmaafli sem er yfir 20 MW. Vinnslan tekur meðal annars til völsunarstöðva, ofna til endurhitunar, glæðingarofna, smíðja, málmsteyrna og eininga til yfirborðsmeðhöndlunar og sýruböðunar.

Framleiðsla á hrááli.

#### Gróðurhúsa-lofttegundir

Koldíoxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð og  
perflúorkolefni

Framleiðsla á endurunnu áli þar sem í rekstri eru brennslueiningar með heildar-nafnvarmaafli sem er yfir 20 MW.

Framleiðsla eða vinnsla á járnlausum málmum, þ.m.t. framleiðsla á málmblöndum, hreinsun, steypumótun o.s.frv., þar sem í rekstri eru brennslueiningar með heildar-nafnvarmaafli (þ.m.t. eldsneyti sem er notað sem afoxunarefni) sem er yfir 20 MW.

Framleiðsla á sementsgjalli í hverfiofnum með afkastagetu sem er yfir 500 tonnum á dag eða í annars konar ofnum þar sem framleiðsluafköstin eru yfir 50 tonnum á dag.

Framleiðsla á kalki eða glæðing á dólómíti eða magnesíti í hverfiofnum eða annars konar ofnum sem hafa framleiðslugetu sem er yfir 50 tonnum á dag.

Framleiðsla glers, einnig glerrefja, þar sem bræðsluafköstin eru meiri en 20 tonn á dag.

Framleiðsla á leirvörum með brennslu, einkum þakflísam, múrsteinum, eldföstum múrsteini, þaksteini og leirnumum eða postulíni, þar sem framleiðslugetan er yfir 75 tonnum á dag.

Framleiðsla á einangrunarefni úr steinull þar sem notað er gler, berg eða gjall og bræðsluafköstin eru yfir 20 tonnum á dag.

Þurrkun eða glæðing á gífsi eða framleiðsla á gífsplötum og öðrum gífsvörum þar sem í rekstri eru brennslueiningar með heildar-nafnvarmaafli sem er yfir 20 MW.

Framleiðsla á pappírseigi úr timbri eða öðrum trefjaefnum.

Framleiðsla á pappír eða pappa þar sem framleiðslugetan er meiri en 20 tonn á dag.

Framleiðsla kinroks, sem felur í sér kolun á lífrænum efnum á borð við olíu, tjöru og sundrunar- og eimingarleif, þar sem í rekstri eru brennslueiningar með heildar-nafnvarmaafli sem er yfir 20 MW.

Framleiðsla á saltþéturssýru.

Framleiðsla á adipínsýru.

Framleiðsla á glýoxali og glýoxýlsýru.

Framleiðsla á ammoníaki.

Framleiðsla á lífrænum íðefnum í lausu með sundrun, umbreytingu, oxun, að hluta eða til fulls, eða með svipuðum ferlum þar sem framleiðslugetan er meiri en 100 tonn á dag.

Framleiðsla á vetni (H<sub>2</sub>) og tilbúnu gasi með umbreytingu eða hlutaoxun þar sem framleiðslugetan er meiri en 25 tonn á dag.

Framleiðsla á natríumkarbónati (Na<sub>2</sub> CO<sub>3</sub>) og natríumbíkarbónati (NaHCO<sub>3</sub>).

Koldíoxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð og dí-  
köfnunarefnis-  
oxíð

Koldíoxíð og dí-  
köfnunarefnis-  
oxíð

Koldíoxíð og dí-  
köfnunarefnis-  
oxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð



Föngun gróðurhúsalofttegunda frá stöðvum sem falla undir þennan viðauka, í því skyni að flytja þær til geymslu í jörðu á stað sem hefur hlotið leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB.

Flutningur gróðurhúsalofttegunda eftir leiðslum til geymslu í jörðu á stað sem hefur hlotið leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB.

Geymsla gróðurhúsalofttegunda í jörðu á stað sem hefur hlotið leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB.

Koldíoxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð

1. Stöðvar, eða hlutar þeirra, sem eru notaðar fyrir rannsóknir, þróun og prófun á nýjum vörum og aðferðum og stöðvar sem nota eingöngu lífmassa falla ekki undir þennan viðauka.

2. Markgildin hér að framan eiga almennt við um framleiðslugetu eða -afköst. Ef margar tegundir starfsemi sem falla undir sama flokk eru reknar í sömu stöðinni er afkastageta þeirra lögð saman.

3. Þegar heildarnafnvarmaafli stöðvar er reiknað til þess að ákveða hvort hún verði tekin með í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda skal leggja saman nafnvarmaafli allra tæknieininga í stöðinni þar sem eldsneyti er brennt. Þessar einingar geta tekið til allra tegunda af kötlum, brennurum, hverflum, hiturum, bræðsluofnum, brennsluofnum, glæðingarofnum, hitunarofnum, þurrkofnum, hreyflum, efnarafölum, tengibrunaeyningum (e. chemical looping combustion units), afgangum og eftirbrennurum eða hvarfakútum (e. thermal or catalytic post-combustion units). Einingar sem hafa nafnvarmaafli undir 3 MW og einingar sem nota eingöngu lífmassa teljast ekki með við þessa útreikninga. „Einingar sem nota eingöngu lífmassa“ eru meðal annars einingar þar sem jarðefnaeldsneyti er eingöngu notað við gangsetningu eða stöðvun.

4. Ef eining er notuð við tiltekna starfsemi og viðmiðunarmörkin fyrir eininguna eru ekki gefin upp sem heildarnafnvarmaafli skulu mörkin fyrir þessa starfsemi vega þyngra þegar ákvörðun er tekin um upptöku í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda.

5. Ef í ljós kemur að farið hefur verið yfir markgildin fyrir einhverja tegund starfsemi í þessum viðauka í tiltekinni stöð skulu allar einingar sem brenna eldsneyti, aðrar en einingar sem brenna hættulegum úrgangi eða sorpi, koma fram í leyfinu fyrir losun gróðurhúsalofttegunda.

## II. viðauki. Losun frá flugstarfsemi.

Flugferðir sem fela í sér flugtak eða landingu á flugvelli á yfirráðasvæði aðildarríkis Evrópska efnahagssvæðisins.

Eftirfarandi flug eru undanþegin gildissviði viðskiptakerfisins og laga þessara:

a. flugferðir sem eingöngu eru til flutninga í opinberri sendiför ríkjandi þjóðhöfðingja konungsríkis og nánustu vandamanna hans, þjóðhöfðingja, ríkisstjórnarleiðtoga og ráðherra landa, annarra en aðildarríkja, ef þær eru rökstuddar með viðeigandi stöðuvísi á flugáætluninni,

b. herflug herloftfara og toll- og lögregluflug,

c. flug í tengslum við leit og björgun, flug í tengslum við slökkvistarf, flug í mannúðarskyni og sjúkraflug sem viðurkennt er af viðeigandi, lögbæru yfirvaldi,

d. flug sem er eingöngu samkvæmt sjónflugsglum eins og þær eru skilgreindar í 2. viðauka við Chicago-samninginn,

e. flug sem endar á flugvelli þar sem loftfarið tók flugið og þar sem engin landing á sér stað í millitíðinni,

f. æfingaflug, eingöngu að því er varðar öflun vottorðs eða áritunar ef um flugáhafnir er að ræða, þar sem þetta er rökstutt með viðeigandi athugasemd í flugáætluninni, ef flugið er hvorki til farþega- eða farmflutninga né vegna staðsetningar eða flutnings á loftfarinu,

g. flug sem er eingöngu vegna vísindarannsóknna eða til að skoða, prófa eða votta loftför eða búnað, hvort sem er í lofti eða á jörðu niðri,

h. flug loftfara með staðfestan hámarksflugtaksmassa sem er minni en 5.700 kg,

i. flugferðir sem farnar eru innan ramma um skyldur um opinbera þjónustu, sem settar eru fram í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2408/92, eins og tilgreint er í 2. mgr. 299. gr. Rómarsáttmálans, eða á flugleiðum þar sem flutningsgetan sem í boði er er ekki meiri en 30.000 sæti á ári, og

j. flug sem félli undir lögin ef ekki væri fyrir tilstilli þessa liðar og er á vegum flugrekanda í rekstri sem annast annaðhvort færri en 243 flugferðir á hverju tímabili í þrjú samfelld fjögurra mánaða tímabil eða flugferðir þar sem heildarlosun á ári er minni en 10.000 tonn. Flugferðir sem eingöngu eru til flutninga í opinberri sendiför ríkjandi þjóðhöfðingja konungsríkis og nánustu vandamanna hans, þjóðhöfðingja, ríkisstjórnarleiðtoga og ráðherra aðildarríkis má ekki undanskilja að því er varðar þennan lið.

## III. viðauki. Gróðurhúsalofttegundir.

Koldíoxíð (CO<sub>2</sub>).

Metan (CH<sub>4</sub>).

Díköfnunarefnisoxíð (N<sub>2</sub>O).

Vetnisflúorkolefni (HFCs).

Perflúorkolefni (PFCs).

Brennisteinshexaflúoríð (SF<sub>6</sub>).

[Köfnunarefnistríflúoríð (NF<sub>3</sub>).]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 45/2017, 4. gr.

### [Fylgiskjal.

**Ákvæði 4. gr. og I. viðauka samnings milli Íslands annars vegar og Evrópusambandsins og aðildarríkja þess hins vegar um þátttöku Íslands í sameiginlegum efnendum á skuldbindingum Íslands, Evrópusambandsins og aðildarríkja þess á öðru skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar við rammamening Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.**

#### ■ 4. gr. *Beiting viðeigandi löggjafar Sambandsins*

□ 1. Þær réttargerðir, sem tilgreindar eru í 1. viðauka við þennan samning, skulu vera bindandi fyrir Ísland og gilda á Íslandi. Ef réttargerðirnar, sem falla undir þann viðauka, hafa að geyma tilvísanir til aðildarríkja Sambandsins skal litið svo á að tilvísanirnar, að því er þennan samning varðar, vísi einnig til Íslands.

□ 2. Breyta má 1. viðauka við þennan samning með ákvörðun nefndar um sameiginlegar efnindir sem komið er á fót með 6. gr. þessa samnings.

□ 3. Nefndin um sameiginlegar efnindir getur kveðið nánar á um tæknilegt fyrirkomulag varðandi beitingu þeirra réttargerða, sem tilgreindar eru í 1. viðauka við þennan samning, að því er varðar Ísland.

□ 4. Ef breytingar á 1. viðauka við þennan samning kalla á breytingar á almennri löggjöf Íslands skal við gildistöku slíkra breytinga hafa hliðsjón af þeim tíma sem Ísland þarf til að samþykka breytingarnar og þörfinni á að tryggja samræmi við kröfurinnar í Kyoto-bókuninni og ákvörðunum.

□ 5. Það er sérstaklega brýnt að framkvæmdastjórnin fylgi venjulegri hefð og hafi samráð við sérfræðinga, þ.m.t. við sérfræðinga á Íslandi, áður en framseldar gerðir, sem felldar eru eða felldar verða undir 1. viðauka við þennan samning, verða samþykktar.

#### 1. VIÐAUKI

(Skrá sem kveðið er á um í 4. gr.)

□ 1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 frá 21. maí 2013 um fyrirkomulag við vöktun og

skýrslugjöf að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf að því er varðar aðrar upplýsingar á landsvísi og á vettvangi Sambandsins sem varða loftslagsbreytingar og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 280/2004/EB (sem vísað er til sem „reglugerð 525/2013“), nema 4. gr., f-liður 7. gr., 15.–20. gr. og 22. gr. Ákvæði 21. gr. gilda eftir því sem við á.

□ 2. Gildandi og síðari framseldar gerðir og framkvæmdar-gerðir sem byggjast á reglugerð (ESB) nr. 525/2013.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 62/2015, 6. gr.